



**KYNFERÐISBROT GEGN BÖRNUM**  
- Rannsókn á tímalengd frá broti að kærnu -  
Hildur Sif Haraldsdóttir

2010  
BA í lögfræði

Höfundur: Hildur Sif Haraldsdóttir

Kennitala: 280586-3669

Leiðbeinandi: Svala Ísfeld Ólafsdóttir

Lagadeild

School of Law

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna hvort lengri tími líði frá broti að kæru ef gerandi er tengdur barni blóðböndum eða það sé kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum fjölskylduböndum í beinan legg eða barn sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis.

Til að leita svara við þeirri spurningu var gerð rannsókn á dómum Hæstaréttar frá 1992 til byrjun árs 2010 þar sem sakfelld var fyrir brot gegn 200., 201. eða 202. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og rannsakaður sá tími sem leið frá fyrsta broti gegn barni þar til kært var lögð fram. Einnig var skoðaður sá tími sem leið frá því að barn greindi frá broti gegn sér þar til kært var, í því augnamiði að kanna hvort algengt væri að brot sem kæmu upp innan fjölskyldunnar væru þöggðu niður eða kærð seinna en annars.

Niðurstaða rannsóknarinnar sýndi fram á afgerandi mun milli annars vegar þess meðaltíma sem það tók að kæra brot sem heyrði undir 200. og 201. gr. hgl., þar sem gerandi tengist barninu fjölskyldu- eða trúnaðarböndum, og 200. gr. hins vegar þar sem ekki er gerður áskilnaður um sérstök tengsl milli geranda og brotþola, en mun styttri tími leið alla jafna þar til kæra var lögð fram í þeim málum. Munurinn var minni á þeim meðaltíma sem leið frá því að barn greindi fyrst frá broti gegn sér þar til kæra var lögð fram.

Í ritgerðinni er einnig varpað fram hugsanlegum ástæðum þess að börn tilkynni seinna, eða tilkynni ekki, um brot gegn sér þegar gerandinn tengist þeim fjölskyldu- og trúnaðarböndum út frá athugasemdum sem komu fram í dómum Hæstaréttar um ástæðu tafar á kæru.

## **Abstract**

This thesis examines the period of time which passes from when a sexual offense against a child takes place until a criminal charge is made. The goal is to analyse whether this period of time is longer in the cases where the perpetrator is related to the child, connected to it through other means of family ties or a person who has been trusted for the child as a teacher or a mentor.

Seeking answers to this question, judgments of the Icelandic High Court were analyzed from 1992 to the beginning of 2010, where there was a guilty verdict of violation against articles 200, 201 or 202 of the General Penal Code No. 19/1940. The time which passed from the first offence against the child until the charges were made against was examined. Furthermore, the time which passed from when the child first told about an offence made against it and until a charge was made, was examined in order to disclose whether offences which occurred within the family were frequently silenced by family members or charged later than in other cases.

The research's findings show that there was a decisive difference between the average time which passed before charges were made because of an offence based on articles 200 and 201 of the Penal Code; where the perpetrator either had family ties with the child or had been entrusted for it on one hand – and offences based solemnly on article 200 on the other hand, which is an article that does not stipulate a special association between a perpetrator and the victim. Much shorter time passed in most cases between the offence and the issuing of a charge in the case of the latter, where the perpetrator had no association with the child. Less difference was found between the average period of time which passed from when the child first told somebody about the offence until a charge was made.

The dissertation furthermore outlines potential reasons for why children inform later, or do not inform at all, about offences made against them when the perpetrator is connected to them through family ties or entrustment. These reasons are based on observations retrieved from the judgments of the High Court on the reasons for the postponement of charges.

# Efnisyfirlit

<b>I. INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>II. KYNFERÐISBROT GEGN BÖRNUM</b> .....	<b>4</b>
1. EDLI KYNFERÐISBROTA.....	4
2. TILKYNNINGARSKYLDA.....	5
<b>III. LÖGGJÖFIN</b> .....	<b>7</b>
1. VERND BARNNA GEGN KYNFERÐISLEGU OFBELDI Í LÖGUM.....	7
2. 200. GR. HEGNINGARLAGA.....	8
3. 201. GR. HEGNINGARLAGA.....	9
4. 202. GR. HEGNINGARLAGA.....	10
<b>IV. GERENDUR KYNFERÐISBROTA GEGN BÖRNUM</b> .....	<b>12</b>
1. ALDUR OG KYN GERENDA.....	12
2. TENGLI VIÐ BROTAÞOLA.....	12
3. SAMANTEKT.....	14
<b>V. RANNSÓKNIR Á DÓMUM HÆSTARÉTTAR</b> .....	<b>16</b>
1. EFNISTÖK.....	16
2. NIÐURSTÖÐUR.....	18
2.1. <i>Sifjaspell</i> .....	18
2.2. <i>Trínaðarbrot gegn börnum yngri en 18 ára</i> .....	21
2.3. <i>Brot gegn börnum undir kynferðislegum lágmarksaldri</i> .....	23
3. SAMANBURÐUR.....	29
4. NIÐURSTÖÐUR.....	30
4.1 <i>Tíminn frá kynferðisbroti til kæru</i> .....	30
4.2 <i>Tíminn frá því að barn segir frá þar til kært er</i> .....	30
4.3 <i>Ítrekunartíðni</i> .....	31
<b>VI. ÞÖGUL ÞJÁNING</b> .....	<b>33</b>
1. ÁSTÆÐUR LEYNDAR.....	33
1.2. <i>Leyndarmálið okkar</i> .....	34
1.3. <i>Afleiðingar þess að segja frá</i> .....	35
1.4. <i>Skömm og sektarkennd</i> .....	36
1.5. <i>Brotamaður í hlutverki uppalanda</i> .....	37
1.6. <i>Brotaholar telja sig ábyrga fyrir sundrung fjölskyldunnar</i> .....	38
1.7. <i>Kært til að koma í veg fyrir fleiri brot</i> .....	38
1.9. <i>Dómskerfið</i> .....	39
2. FRÆDSLÁ TIL FORVARNAR.....	40
2.1. <i>Góð og slæm leyndarmál</i> .....	40
2.2. <i>„Þetta er bara afi“</i> .....	41

3. ÁLIT SÉRFRÆÐINGA .....	42
4. ERLENDAR RANNSÓKNIR .....	43
<b>VII. SAMANTEKT .....</b>	<b>44</b>
<b>VIII. HEIMILDASKRÁ .....</b>	<b>46</b>
<b>IX. DÓMASKRÁ .....</b>	<b>48</b>

## I. Inngangur

*„Það eru til margar leiðir til þess að gráta: með hljóðum, hljóðlega eða alls ekki.“<sup>1</sup>*

Kynferðisbrot gegn börnum eru svívirðileg afbrot þar sem fullorðinn einstaklingur brýtur gegn barni á grófan hátt með því að misnota líkama þess í kynferðislegum tilgangi eða misbýður því kynferðislega á annan hátt. Nánast algilt er að slík brot séu framin fyrir luktum dyrum og hafa rannsóknir sýnt að langflestir sem beita börn kynferðislegu ofbeldi þekki til barnsins og nýti sér þá aðgengi sitt að barninu til að vinna trúnað þess.<sup>2</sup> Fæstir gerendur eru barninu alls ókunnugir og rannsóknir hafa jafnframt sýnt að ákveðinn eðlismunur er á brotum þar sem gerandi er barninu ókunnugur og reynast slík brot oft á tíðum vægari.<sup>3</sup> Kynferðisbrot gegn börnum eru síður en svo ný af nálinni en hafa þó ávallt verið feimnismál. Líkur eru á að fjöldi brota sé óupplýstur og margir brotþolar treysti sér ekki til að rjúfa þögnina. Breyting hefur þó orðið á þessu með aukinni fjölmiðla- og samfélagsumræðu, meðal annars vegna umdeilda dómsmála. Í kjölfarið hefur sá málafjöldi sem kemur til kasta dómstóla á hverju ári aukist umtalsvert. Þó málafjöldinn vekur óhug er ekki endilega svo að kynferðisbrotum gegn börnum hafi farið fjölgandi, hugsanlega má rekja aukninguna til aukins vilja til að kæra brot af þessu tagi og þeirra úrræða sem standa brotþola til boða í dag. Hins vegar veitir hann vísbendingu um hversu víðtækt þjófélagsvandamál er um að ræða.<sup>4</sup>

Í þessari ritgerð verður fjallað um kynferðisbrot gegn börnum og reynt verður að leita svara við spurningunni hvort lengri tími líði frá broti að kæru ef barn tengist geranda með þeim hætti sem lýst er í 200. og 201. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (hér eftir hgl.). Um kynferðisbrot er fjallað í XXII. kafla hgl. og eru ákvæðin sem fjalla um brot gegn börnum meðal annars flokkuð eftir tengslum geranda við brotþola. Kynferðisbrot gegn börnum eru litin alvarlegum augum og breyting hefur orðið á þessum málaflokki á síðustu árum. Meðal annars hefur refsiramma ákvæðanna verið hækkaður og svigrúm dómstóla þar með aukið til að ákveða refsingu eftir málavöxtum hverju sinni. Í kjölfar hækkunarinnar má greina að dómstólar hafa þyngt refsingar fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Að auki var fyrning sakar fyrir alvarleg kynferðisbrot gegn börnum afnumin með lögum nr. 61/2007.

---

<sup>1</sup> Dahlström-Lannes 1992

<sup>2</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 23.

<sup>3</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 23.

<sup>4</sup> Páll Þórhallsson 2002.

Brot gegn kjörbarni, stjúp barni, fósturbarni, sambúðarbarni, barni sem er tengt geranda fjölskylduböndum í beinan legg eða gegn barni sem geranda hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis eru nú lögð að jöfnu við brot sem framin eru af gerendum sem tengjast brotapolá blóðböndum og refsingu hagað eftir því. Markmið löggjafans er að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili.<sup>5</sup>

Til að leita svara við spurningunni um hvort lengri tími líði frá broti að kæru ef gerandinn tengist brotapolá með sífjum eða þeim hætti sem lýst er í 201. gr. hgl. var gerð rannsókn á 84 dómum Hæstaréttar þar sem brotið var gegn 200., 201. eða 202. gr. hgl. frá árinu 1992 til mars 2010. Í dómunum lágu fyrir upplýsingar um hvenær brotið átti sér stað og í flestum þeirra mátti sjá hvenær kæra var lögð fram. Þannig var hægt að reikna út þann meðaltíma sem það tók brotapolá að kæra eftir að brotið hafði verið á honum. Dómarnir voru flokkaðir eftir því hvort ákært var fyrir 200. gr., 201. gr. eða 202. gr. hgl. svo hægt væri að bera saman mun á tímalengd hvers flokks með hliðsjón af tengslum gerandans við brotapolá. Að sama skapi var kannað hvort langur tími líði frá því að barn tilkynnti einhverjum um brot gegn sér þar til kæra var lögð fram. Markmiðið með því var að sjá hvort brot innan fjölskyldunnar væru oftár þögguð niður eða kæra lögð seinna fram. Að lokum var meðaltímalengd brota innan hvers ákvæðis borin saman til að sjá hvort greina mætti mun ef brotapolá tengdist gerandanum fjölskyldu- eða trúnaðarböndum.

Í II. kafla ritgerðarinnar er fjallað um eðli kynferðisbrota og tilkynningarskyldu almennings og fagfólks samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Með lögnum er lögð sú skylda á herðar almennings og fagfólks að tilkynna til lögreglu eða barnaverndaryfirvalda ef grunur leikur á um vanrækslu eða ofbeldi af hvaða tagi sem er. Í greinargerð með barnaverndarlögnum leggur löggjafinn áherslu á barnaverndarsjónarmið og víða túlkun tilkynningarskyldunnar.<sup>6</sup> Í kaflanum eru nefnd dæmi úr dómum þar sem tilkynningarskyldan hefur verið vanrækt.

Í III. kafla er gerð ítarleg grein fyrir íslenskri löggjöf sem nær til kynferðisbrota gegn börnum og samningum sem Ísland hefur fullgilt. Lögð er áhersla á breytingar á almennum hegningarlögum út frá sjónarmiðum um verndarhagsmuni barnsins. Grundvöllurinn er sá að börn skorti líkamlegan og andlegan þroska til kynferðislegra athafna. Því þurfi að veita þeim þá nauðsynlegu vernd gegn því ofbeldi sem kynferðisbrot fela í sér auk þeirra skaðlegu og langvarandi áhrifa sem misnotkun getur haft í för með sér á velferð og framtíð barnsins.

<sup>5</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 20, 20. mál.

<sup>6</sup> Frumvarp til barnaverndarlaga, þskj. 403, 318. mál.

Í IV. kafla er fjallað um gerendur kynferðisbrota gegn börnum. Kaflinn er byggður á rannsóknum Jónínu Guðmundsdóttur í meistararitgerð sinni við lagadeild Háskólans í Reykjavík á gerendum kynferðisbrota gegn börnum en hún rannsakaði dóma Hæstaréttar sem féllu á árunum 1983-2009 í þeim tilgangi að afla upplýsinga um aldur, kyn, bakgrunn og stöðu þeirra.<sup>7</sup> Til samanburðar voru teknar sambærilegar upplýsingar úr ársskýrslum Stígamóta á árunum 2007, 2008 og 2009 og niðurstöður settar fram í súluriti.<sup>8</sup>

Í V. kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum dómarrannsóknar sem hér er lýst að framan og þær settar fram í súluritum til að auðvelda samanburð. Í lok kaflans er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar og ályktanir dregnar af þeim.

Í VI. kafla er gerð tilraun til að greina hugsanlegar ástæður þess að börn segi ekki fyrr frá broti gegn sér með hliðsjón af athugasemdum brotþola eða vitna í dómum Hæstaréttar. Fjallað er sérstaklega um tengsl gerenda og brotþola og tilfinningar og viðbrögð barnsins þegar brotið er gegn því á þennan hátt. Í kaflanum er einnig fjallað um mikilvægi forvarna og fræðslu fyrir almenning, og þá sérstaklega fyrir börnin sjálf. Greint er frá viðtali við forstöðukonu Barnahúss<sup>9</sup> og yfirmanns kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu<sup>10</sup> þar sem þau voru meðal annars beðin um álit sitt um hvernig best væri að bregðast við slíkum brotum og hvað þeim þætti hafa áunnist á síðastliðnum árum.

Í VII. kafla verða meginniðurstöður ritgerðarinnar dregnar saman.

---

<sup>7</sup> Jónína Guðmundsdóttir 2009.

<sup>8</sup> Ársskýrslur Stígamóta 2007, 2008 og 2009.

<sup>9</sup> Ólöf Ásta Farestveit 6. apríl 2010.

<sup>10</sup> Björgvin Björgvinsson 9. apríl 2010.



## II. Kynferðisbrot gegn börnum

Í þessum kafla verður hugtakið kynferðisbrot skilgreint og gerð grein fyrir sérstöðu þeirra hvað varðar sönnun og þann aðstöðumun sem ríkir milli geranda og brotþola.

### 1. Eðli kynferðisbrota

„Kynferðislegt ofbeldi er hugtak sem notað er um kynferðislega misnotkun, kynferðislega áreitni, kynferðislegt ofbeldi og sífjaspell. Kynferðislegt ofbeldi felur í sér að kynferðislegum athöfnum, orðum eða myndum er beitt gegn vilja þess sem fyrir ofbeldinu verður svo hann hlýtur skaða af.“<sup>11</sup> Brot sem varða við XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eiga það sameiginlegt að vekja fyrirlitningu almennings, einkum þau sem snúa að börnum og öðrum minnimáttar. Þessi málaflokkur er eldfimur og hefur oftast en ekki verið miðpunktur umfjöllunar í fjölmiðlum og meðal almennings. Aukin umræða hefur einnig orðið til þess að fleiri brotþolar hafa komið fram í dagsljósið og greint frá brotum gegn sér, en þessi málaflokkur hefur ávallt verið feimnismálið. Þekking almennings og fagfólks á þessum brotum og afleiðingum þeirra hefur jafnframt aukist. Í greinargerð með frumvarpi til breytingar á almennum hegningarlögum var hækkun refsihámarks fyrir kynferðisbrot gegn börnum rökstudd með eftirfarandi fullyrðingu:

*„Á undanförnum árum hefur sífellt orðið betur ljós sá mikli skaði sem börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega. Í mörgum tilvikum geta afleiðingarnar verið langvarandi og jafnvel varanlegar. Í alvarlegustu tilvikum er varla ofsagt að velferð og framtíð barns hafi verið lögð í rúst.“<sup>12</sup>*

Í ljósi oft erfiðrar sönnunarstöðu í þessum málum tekst ekki alltaf að sanna sekt meints brotamanns, einkum þar sem hann neitar oftast afdráttarlaust sök og eina beina sönnunargagn málsins er framburður ungs brotþola, auk óbeinna sönnunargagna eins og skýrslur vitna, skýrslur sálfræðinga og læknisvottorð. Þegar langt er um liðið frá broti veikist þessi sönnunarstaða enn frekar og því er mikilvægt að brotþolar greini frá broti gegn sér eins fljótt og kostur er. Auk þess hafa rannsóknir sýnt að afleiðingar ítrekaðra brota hafa enn meiri og alvarlegri áhrif á brotþola en þegar um eitt einstakt brot er að ræða.<sup>13</sup>

---

<sup>11</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 10.

<sup>12</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 918, 567. mál.

<sup>13</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 23.

## 2. Tilkynningarskylda

Í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir bvl.) er kveðið á um tilkynningarskyldu almennings í 16. gr. bvl. og þeirra sem vegna stöðu sinnar eða starfa hafa sérstök afskipti af málefnum barna í 17. gr. Ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef ástæða er til að ætla að börnum sé misboðið vegna vanrækslu eða annars konar illrar meðferðar eða ef þau stofna sjálf lífi sínu og heilsu í hættu. Samkvæmt ákvæði 16. gr. bvl er því jafnað til borgaralegrar skyldu að tilkynna barnaverndarnefnd um atvik eða aðstæður sem tilgreindar eru í ákvæðinu. Tilkynnandi getur í flestum tilvikum óskað nafnleyndar nema sérstakar ástæður mæli gegn því, sbr. 2. mgr. 19. gr. bvl. Lögreglu ber jafnframt að tilkynna barnaverndarnefnd þegar grunur leikur á að refsiverður verknaður hafi verið framinn, annað hvort af barni eða gegn því, sbr. 18. gr. bvl. Í ákvæðum 17. og 18. gr. er nánar mælt fyrir um tilkynningarskyldu þar tilgreindra aðila sem vegna starfa sinna hafa sérstök afskipti af börnum.<sup>14</sup>

Þegar barnaverndarnefnd hefur borist tilkynning þess efnis að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska geti verið hætta búin vegna vanrækslu, vanhæfni eða framferðis foreldra, áreitni eða ofbeldis af hendi annarra eða eigin hegðunar þess, ber henni að taka afstöðu til þess án tafar, og eigi síðar en innan sjö daga frá því henni barst tilkynning eða upplýsingar, hvort ástæða sé til að kanna málið, sbr. 21. gr. bvl. Samkvæmt heimild í c-lið 1. mgr. 29. gr. bvl. er barnaverndarnefnd heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldrar, annað eða báðir, skuli sviptir forsjá telji hún að barni sé misþyrmt eða misboðið kynferðislega eða sæti líkamlegri áreitni á heimili.

Þrátt fyrir að tilkynningarskyldan sé bundin í lög gefur dómaframkvæmd til kynna að henni sé ekki alltaf sinnt. Í nokkrum dómum sem varða kynferðisbrot gegn barni samkvæmt 200. eða 201. gr., kemur fram að barn eða ungmenni hafi tilkynnt foreldrum, vinum eða öðrum aðstandendum um brot án þess að nokkuð hafi verið aðhafst. Svala Ísfeld Ólafsdóttir tók viðtöl við starfandi dómara í lokaverkefni sínu til meistaraþrófs í félagsfræði við félags- og mannvísindadeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands.<sup>15</sup> Voru þeir meðal annars spurðir hvaða mál vegna kynferðisbrots gegn barni væri þeim minnisstæðast og hvers vegna. Einn þeirra nefndi mál þar sem um marga brotþola var að ræða. Aðstandendur vissu af brotunum, en höfðu þaggað þau niður.<sup>16</sup>

Í H 454/2001 sætti ung stúlka ítrekaðri misnotkun af hálfu stjúpforeldurs síns frá 9 ára aldri. Móðir stúlkunnar bar fyrir dómi að hana hafi ávallt grunað að ákærði hefði haft

<sup>14</sup> Frumvarp til barnaverndarlaga nr. 80/2002, þskj. 403, 318. mál.

<sup>15</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir 2009.

<sup>16</sup> Svala Ísfeld Ólafsdóttir. 2009.

kynferðislegt samneyti við stúlkuna. Nefndi hún nokkur dæmi þess þar sem hún kom að honum með stúlkunni og að grunsemdir hafi vaknað með henni en hann hafi alltaf neitað sökum. Þá er eftirfarandi tilvitnun tekin úr H 359/2002 þar sem gerandi var sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni og mágkonu.

*Móðir Y, Þ, bar fyrir dómi að hún hefði ekki lagt trúnað á frásögn Y er hún hringdi í hana og greindi frá misnotkuninni og af þeim sökum viljað fá fyllri upplýsingar. En eftir að Y lagði fram kæru á hendur föður sínum hafi hún tekið þá ákvörðun að slíta öll tengsl við dóttur sína. Vitnið skýrði frá því að hún hefði aldrei orðið vör við hneigðir ákærða til að beita börn kynferðislegu ofbeldi og fordæmdi hann slíkt.<sup>17</sup>*

Í H 258/2008 hafði gerandi brotið gegn barni þegar það var í heimsókn hjá honum ásamt stjúpbarnabarni hans. Brotapoli greindi svo frá fyrir dómi að hún hefði sagt föður sínum frá brotinu þegar hann kom og sótti hana og einu viðbrögð hans hefðu verið „Oj, gerði hann það?“. Viku síðar hafi móðir hennar gengið á hana þar sem hegðun hennar hafði breyst í kjölfar þessa atviks og hún greindi henni frá brotinu. 13 ár liðu frá því að brotið átti sér stað þar til brotapoli lagði fram kæru hjá lögreglu.

Samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu var fjöldi tilkynninga samkvæmt 16., 17. og 18. gr. bvl. frá opinberum aðilum, svo sem lögreglu, skóla, félagsmálayfirvöldum og fleiri sérfræðingum, á árunum 2003-2007 að meðaltali 4832. Til samanburðar voru tilkynningar frá foreldrum og öðrum ættingjum 806 á ári á sama tímabili. Áhugavert er að skoða þá hlutfallslegu aukningu tilkynninga frá opinberum aðilum á móti fækkun tilkynninga frá foreldrum og öðrum tengdum aðilum.<sup>18</sup> Um ástæðuna verður ekki fullyrt, en ljóst er að fagaðilar sem starfa með börnum eru að verða almennt fróðari um einkenni kynferðislegs ofbeldis og kunna að nálgast barnið og fá frá því frekari upplýsingar varðandi meinta misnotkun. Aðstandendur taka í sumum tilfellum ekki mark á hegðun og kvörtunum barns, eða þeir telja að viðeigandi meðferð í réttarkerfinu muni skaða barnið og fjölskylduna.<sup>19</sup> Dæmi eru um að aðstandendur vilji ekki tilkynna málið í því skyni að „vernda“ fjölskylduna og ætla sér að leysa málið innan veggja heimilisins. Barninu getur líka þótt auðveldara að leita til hlutlauss aðila utan fjölskyldunnar sem það treystir, auk þess sem börn og ungt fólk er stöðugt meðvitaðri um rétt sinn og þá aðila sem eiga að geta komið þeim til hjálpar við erfiðar aðstæður.

<sup>17</sup> H 30. janúar 2001 (nr. 359/2002).

<sup>18</sup> Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2006-2007.

<sup>19</sup> Lewis 2006, bls. 5.

### III. Löggjöfin

Hér á eftir verður farið yfir þau ákvæði íslenskra laga og alþjóðlegra samninga sem snúa að kynferðisbrotum gegn börnum og farið yfir breytingar á löggjöfinni á síðustu árum.

#### 1. Vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi í lögum

Í íslenskri löggjöf er fjallað um kynferðisbrot í XXII. kafla almennra hegningarlaga. Ákvæði 194. gr.-199. gr. hgl. taka til brota gegn börnum jafnt sem fullorðnum. Brot sem eingöngu beinast að börnum eru sérstaklega tiltekin í 200.-204. gr. hgl. og eru þar meðal annars flokkuð eftir tengslum geranda við brotapolu. Þessum ákvæðum er ætlað að tryggja börnum og ungmennum sérstaka vernd gegn kynferðislegu ofbeldi, enda er slíkt gert að skilyrði í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (hér eftir stjkskr.) þar sem segir að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í barnaverndarlögum má einnig finna ákvæði sem kveða á um vernd barna gegn kynferðislegu ofbeldi og misnotkun. Ýmis sjónarmið liggja að baki þessari sérstöku vernd og vegur þar einna þyngst sá skortur á líkamlegum og andlegum þroska barna og ungmenna til kynferðisathafna, auk þess sem slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar fyrir sálarlíf ungra barna og því nauðsynlegt að áskilja sérstaka vernd fyrir slíku grófu ofbeldi gegn börnum undir tilteknum aldursmörkum. Deilt hefur verið um þessi aldursmörk en þau voru hækkuð vorið 2007 úr 14 árum í 15 ár, sbr. lög nr. 61/2007.<sup>20</sup> Þessi sérstaka vernd er ekki einskorðuð við íslenska löggjöf, hún er til dæmis nefnd í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 20. nóvember 1989 sem Ísland fullgilti árið 1992. Í 19. gr. hans segir að aðildarríki skuli gera allar þær ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu eða andlegu ofbeldi, þar á meðal kynferðislegri misnotkun. Í 34. gr. er fjallað sérstaklega um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og aðildarríkjum gert að skuldbinda sig til að vernda börn gegn hvers kyns kynferðislegri notkun eða misnotkun í kynferðislegum tilgangi.

Við flokkun kynferðisbrota gegn börnum er gerður greinarmunur á hvort gerandi tengist brotapolu blóðböndum samkvæmt 200. gr. hgl. eða hvort barnið sé kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða barn sem geranda hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis samkvæmt 201. gr. hgl. Þannig geta fjölskyldutengsl ein og sér nægt til sakfellingar samkvæmt hegningarlögunum, án þess að brotin hafi verið framin á sérlega vítaverðan eða ofbeldisfullan hátt sé litið framhjá þeirri staðreynd að ung börn hafi jafnan

<sup>20</sup> Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 118 og 123.

hvorki þann líkamlega né andlega þroska til að stunda kynlíf.<sup>21</sup> Undir 202. gr. hgl. falla brot sem framin eru gegn börnum undir 15 ára aldri og er það ekki skilyrði sakfellingar að barn sé tengt geranda. Er því jafnan ákært fyrir 202. gr. ásamt 200. eða 201. gr. þegar um er að ræða sífjaspellsbrot eða brot gegn barni sem gerandi tengist samkvæmt 201. gr., ef barnið er yngra en 15 ára.

## 2. 200. gr. hegningarlaga

Í 200. gr. hgl. eru ákvæði um sífjaspell og aðra kynferðislega áreitni gegn niðjum. Ákvæðið hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn sitt eða annan niðja skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni manns gagnvart barni sínu eða öðrum niðja en sú er greinir í 1. mgr. varðar allt að 4 ára fangelsi og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

Samræði eða önnur kynferðismök milli systkina varða fangelsi allt að 4 árum. Hafi annað systkina eða bæði ekki náð 18 ára aldri þegar verknaður átti sér stað má ákveða að refsing falli niður að því er þau varðar.

Samkvæmt íslenskri orðabók er hugtakinu sífjaspell lýst sem hjúskapartengslum við of náinn ættingja og sem samræði of náinn ættingja (blóðskömm).<sup>22</sup> Ef litið er til sögu íslenskrar löggjafar má ljóst vera að brot af þessu tagi eru ekki ný af nálinni því á sífjaspellum hefur hvílt bannhelgi frá örófi alda, til að mynda hafði Mannhelgisbálkur Jónsbókar frá 1281 að geyma ákvæði um sífskapar- og skírlífisbrot. „Bann við sífjaspellum hefur byggst á erfðafræðilegum, trúarlegum og siðferðislegum sjónarmiðum. Nú veða þyngst sjónarmið um vernd barna, það er sú þörf að vernda börn sem alast upp á heimili fyrir kynferðislegri ásókn fullorðinna heimilismanna, auk sjónarmiða um verndun almenns siðgæðis.“<sup>23</sup> Notkun hugtaksins hefur því breyst í takt við nýja tíma og skírskotar meira til ofbeldisins sem felst í slíkum verknaði með hliðsjón af því hlutverki sem geranda er ætlað að gegna í lífi brotaþola. „Í 200. gr. hgl. kemur fram að samræði eða önnur kynferðismök hins brotlega við barn sitt eða annan niðja séu refsiverð. Sama gildir um kynmök milli systkina. Þetta er því sú háttsemi sem nú telst sífjaspell samkvæmt íslenskum rétti.“<sup>24</sup>

Þessi þróun hefur einnig leitt til þess að refsiramma slíkra brota hefur hækkað með breytingum á almennum hegningarlögum. Samkvæmt lögum nr. 40/2003 var refsihámark 1. mgr. 200. gr. hækkað um tvö ár og í kjölfarið var refsihámarki 2. mgr. 200. gr. breytt og

<sup>21</sup> Svala Ólafsdóttir 1997, bls. 6.

<sup>22</sup> Árni Böðvarsson 1994.

<sup>23</sup> Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 119.

<sup>24</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 20, 20. mál.

hækkað um tvö ár í samræmi við 1. mgr. 200. gr. með lögum nr. 61/2007. Í greinargerð með fyrra frumvarpinu voru eftirfarandi rök færð fyrir hækkuninni auk þess sem vísað var til þjóðréttarlegrar skuldbindingu Íslands með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins:

*Á undanförunum árum hefur sífellt orðið betur ljós sá mikli skaði sem börn geta orðið fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega. Í mörgum tilvikum geta afleiðingarnar verið langvarandi og jafnvel varanlegar. Í alvarlegustu tilvikum er varla ofsagt að velferð og framtíð barns hafi verið lögð í rúst. Einnig hefur dómsmálum vegna þessara brota fjölgað mikið á síðustu 10–15 árum. Ekki er einhlítt hvernig það verður skýrt en fjölgunin getur bæði verið rakin til þess að fleiri brot séu framín eða að brot af þessu tagi hafi áður verið dulin. Rétt þykir að alvarleiki þessara brota verði virtur í þessu ljósi og er því lagt til að refsímörk vegna grófustu kynferðisbrota gegn börnum samkvæmt 200. og 201. gr. verði hækkuð. Er þá gert ráð fyrir að refsingar vegna þessara brota þyngist. Hér verður einnig að hafa í huga að ákvæðin taka til brota þar sem venjulega er mikill aldursmunur á milli barns og geranda, sem brýtur gróflega gegn trúnaði sínum við barnið.<sup>25</sup>*

Í frumvarpinu vísar löggjafinn einnig til „almennra viðhorfa í þjóðfélaginu á seinni árum um nauðsyn þess að tryggja betur aðbúnað og öryggi barna“ og dregur engan dul á að hækkun refsirammans samkvæmt frumvarpinu taki að einhverju leyti mið af viðhorfsbreytingum í samfélaginu varðandi nauðsyn þess að tryggja börnum þá vernd í lögum sem velferð þeirra krefst. Um ástæðu þessa viðhorfsbreytinga verður vart fullyrt en glögg má ráða af almennri fjölmiðla- og samfélagsumræðu að kynferðisbrot gegn börnum eru litin sérlega vítaverðum augum af almenningi. Þá má greina af dómaframkvæmd seinni ára aukna áherslu á rannsóknir sérfræðinga á andlegri og líkamlegri heilsu brotþola og hvaða áhrif þau komi til með að hafa á líf hans.

### **3. 201. gr. hegningarlaga**

201. gr. hgl. er stundum nefnt „stjúpföðurákvæðið“, en það hljóðar svo:

Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn yngra en 18 ára, sem er kjörbarn hans, stjúpbarn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis, skal sæta fangelsi allt að 8 árum og allt að 12 ára fangelsi sé barn yngra en 16 ára.

Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 4 árum og allt að 6 ára fangelsi sé barnið yngra en 16 ára.

„Af þessu má sjá að sérstök refsíþyngingarástæða liggur við því ef barn er tengt geranda og eru verndarsjónarmið lögð því til grundvallar.“<sup>26</sup> Líkt og í 200. gr. hgl. duga

<sup>25</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 918, 567. mál.

<sup>26</sup> Jón Fannar Kolbeinsson 2008, bls. 11.

tengslin ein og sér til að brot falli undir 201. gr. hgl. Ákvæðið áskilur enga tiltekna verknaðaraðferð. Að tala um „stjúpföðurákvæðið“ þegar átt er við 201. gr. hgl. getur þó í sumum tilfellum valdið misskilningi þar sem ákvæðið tekur einnig til aðila sem hefur verið trúað fyrir barni til kennslu eða uppeldis. Í greinargerð með lögum nr. 40/1992, um breytingu á almennum hegningarlögum, segir að áherslan sé lögð á að vernda heimilið og fjölskyldulíf fyrir háttsemi sem er til þess fallin að raska fjölskylduböndum og særa trúnað og traust barna á sameiginlegu heimili.<sup>27</sup> „Þegar um ung börn er að ræða felst í háttseminni ofbeldi gagnvart þeim og í öllum tilvikum alvarleg misnotkun á aðstöðu og brot gegn því trúnaðartrausti, sem börn bera til fullorðinna og ríkja á innan fjölskyldunnar.“<sup>28</sup>

Með lögum nr. 40/2003, um breytingu á almennum hegningarlögum, var refsihámark 1. mgr. 201. gr. hækkað um tvö ár, það er úr sex árum í átta og úr tíu árum í tólf, og refsiramminn þar með orðinn sá sami fyrir brot gegn 201. gr. hgl. og fyrir brot gegn barni sem fellur undir 200. gr.<sup>29</sup> Sömu ástæður voru tilgreindar í athugasemdum með frumvarpi laganna fyrir hækkun refsihámarks þessarar greinar og fyrir 1. mgr. 200. gr. eins og að framan greinir. Sjónarmiðum um þann mikla skaða sem börn verða fyrir, alvarleika brotanna og áhrif þeirra á velferð og framtíð brotþola ber þar hæst. Einnig er þar teflt fram rökum um þann aldursmun sem venjulega er á milli geranda og brotþola og brot gegn trúnaði við barnið. Með lögum nr. 61/2007, um breytingu á almennum hegningarlögum, var refsihámark 2. mgr. 201. gr. hækkað um tvö ár í samræmi við breytingar á 1. mgr. 201. gr. og liggur nú fjögurra ára hámarksrefsing við brotum gegn 2. mgr. 201. gr. en allt að sex ára hámarksrefsing sé barnið yngra en 16 ára.

#### **4. 202. gr. hegningarlaga**

Ákvæðið sem mest reynir á í framkvæmd er 202. gr. hgl. þar sem ekki er gerður áskilnaður um tengsl milli geranda og brotþola. Hjómar ákvæðið í heild sinni svo:

*Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við barn, yngra en 15 ára, skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Lækka má refsingu eða láta hana falla niður, ef gerandi og þolandi eru á svipuðum aldri og þroskastigi.*

*Önnur kynferðisleg áreitni en sú sem greinir í 1. mgr. varðar fangelsi allt að 6 árum.*

*Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir barn yngra en 18 ára til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.*

<sup>27</sup> Þskj. 59, 115. löggjafarþing 1991, 58. mál.

<sup>28</sup> Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 120.

<sup>29</sup> Karólína Finnbjörnsdóttir 2008, bls. 12.

Í 1. mgr. 202. gr. hgl. er að finna almennt ákvæði um kynferðisbrot gegn börnum þar sem lagt er algjört bann við kynferðismökum við börn yngri en 15 ára. „Framangreindur aldur hefur oft verið kallaður hinn kynferðislegi lögaldur eða kynferðislegur lágmarksaldur.“<sup>30</sup> „Aldursmarkið er fortakslaust og því ekki um það að ræða að meta þroska barnsins í hverju tilviki.“<sup>31</sup> Ekki þarf að sýna fram á misnotkun þótt slíkt liggi í hlutarins eðli þegar litið er til aldursmunar geranda og þolanda. 1. mgr. 202. gr. kveður á um árs lögbundna lágmarksrefsingu við kynferðismökum við barn yngra en 15 ára. Er það undantekning frá því almenna sjónarmiði sem ríkjandi hefur verið í refsirétti síðustu áratugi um að lögfesta ekki sérstakt refsilágmark í ákvæðum um einstakar brotategundir.<sup>32</sup> Lögfestingin er til þess fallin að undirstrika afdráttarlaust bann við slíkum brotum og nauðsyn þeirrar verndar sem löggjafinn telur að veita eigi börnum gegn brotum af þessu tagi. Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 61/2007, um breytingu á almennum hegningarlögum, er tekið fram að með breytingunni um lágmarksrefsingu sé lögð áhersla á hve alvarleg kynferðisbrot gegn ungum börnum eru. Eftir breytinguna teljast nauðgun og samræði við börn yngri en 15 ára alvarlegustu kynferðisbrotin í stað nauðgunar einnar áður.<sup>33</sup>

Önnur kynferðisleg áreitni sem nefnd er í 2. mgr. 202. gr. getur varðað fangelsi allt að sex árum. Hliðstæð breyting var gerð á refsihámarki 2. mgr. 202. gr. og gerð var á 2. mgr. 200. og 2. mgr. 201. gr. með lögum nr. 61/2007. Í frumvarpi með greinargerð til þeirra laga var tekið fram að það væri gert til þess að samræmi yrði milli refsimaraka ákvæðanna um kynferðislega áreitni gagnvart börnum, auk þess sem breytingin tók tillit til breyttra fyrningarreglna.

Í 3. mgr. 202. gr. eru taldar upp aðferðir við tælingu sem lagt er bann við samkvæmt lögum þar sem refsivert er að tæla börn og unglínga til kynferðismaka með blekkingum, gjöfum eða öðrum sambærilegum athöfnum. Ákvæðið er ekki tæmandi hvað varðar verknaðaraðferðir. Skilyrði þess að um tælingu sé að ræða er að gerandi notfæri sér yfirburði aldurs og reynslu. Ásetningur er saknæmisskilyrði, en ef einstaklingar eru svipaðir að aldri, reynslu og þroska á ákvæðið ekki við.<sup>34</sup>

---

<sup>30</sup> Jónína Guðmundsdóttir 2009, bls. 10.

<sup>31</sup> Ragnheiður Bragadóttir 2006, bls. 121.

<sup>32</sup> Ragnheiður Bragadóttir 2009, bls. 57.

<sup>33</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 20, 20. mál.

<sup>34</sup> Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 20, 20. mál.



## IV. Gerendur kynferðisbrota gegn börnum

Í þessum kafla verður fjallað um gerendur kynferðisbrota gegn börnum. Kynjaskipting meðal gerenda verður skoðuð sem og tengsl þeirra við brotaþola. Í meistararitgerð sinni við lagadeild Háskólans í Reykjavík rannsakaði Jónína Guðmundsdóttir dóma Hæstaréttar sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum frá 1983 til febrúarloka 2009.<sup>35</sup> Markmiðið var að greina og flokka upplýsingar um einstaklinga sem höfðu verið ákærðir fyrir slík brot. Dómarnir sem voru rannsakaðir vörðuðu brot gegn 194., 195., 200.-202. og 209. gr. hgl. Samtals voru 115 einstaklingar ákærðir í 109 dómum. Ekki voru notaðar upplýsingar úr dómum þar sem ákærðu höfðu verið sýknaðir með öllu. Brotaþolar voru samtals 180. Í þessum kafla verður stuðst við þessa rannsókn í umfjölluninni með heimild höfundar, auk þess sem niðurstöður hennar verða bornar saman við tölulegar upplýsingar fengnar úr ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2007-2009.

### 1. Aldur og kyn gerenda

Samkvæmt framangreindri rannsókn Jónínu voru allir gerendurnir 109 karlar. Rannsóknir hafa bent til þess að hlutfall kvenna í hópi gerenda geti verið allt frá 1% að 22%.<sup>36</sup> Enn hefur kona þó ekki verið sakfelld fyrir kynferðisbrot gegn barni í Hæstarétti. Við samantekt aldursdreifingar kom í ljós að tæplega 80% voru yngri en 45 ára þegar brotin voru framin, sem sýnir þá staðreynd að karlmenn yngri en 45 ára eru mun líklegri til að fremja kynferðisbrot gegn börnum en þeir sem eldri eru.<sup>37</sup>

### 2. Tengsl við brotaþola

Í rannsókn Jónínu voru teknar saman upplýsingar um tengsl gerenda við brotaþola. Niðurstöður voru settar fram án tillits til hvers eðlis brotið var og leiddi í ljós að tæp 30% gerenda voru í nánustu fjölskyldu brotaþola. Innan þess hóps voru stjúpfeður og feður oftast gerendur, eða í tæpum 18% tilfella. Frændur komu þar á eftir sem næst fjölmennasti hópurinn eða um 9%, afar eða stjúpafar í um 3% tilfella og í eitt skipti var um hálfbróður að ræða, sem telst vera 0,6% af heildarfjöldanum. Undir stærsta einstaka flokkinn féllu vinir, kunningjar eða aðrir sem barnið þekkti og treysti. Í þremur tilfellum var gerandinn mágur þolanda, í eitt skipti unnusti þolanda og í eitt skipti var um að ræða geranda sem var með þolanda í

---

<sup>35</sup> Jónína Guðmundsdóttir 2009.

<sup>36</sup> Grubin 1998, bls 23-24.

<sup>37</sup> Jónína Guðmundsdóttir 2009, bls. 24.

tímabundnu fóstri. Þessi hópur nam tæpum 33% af heildarfjöldanum. 44 gerendur, eða tæp 25%, voru ókunnugir brotþola. Aðrir gerendur höfðu til dæmis kynnst brotþola á netinu, voru vinnuveitendur hans eða kennarar. Í fjórum tilfellum var ekki vitað um tengsl geranda og brotþola.<sup>38</sup>

Þegar rannsóknir Jónínu eru bornar saman við ársskýrslur Stígamóta frá árunum 2007-2009 má sjá að niðurstöðurnar eru nokkuð svipaðar. Rétt er að taka fram að í ársskýrslunum taka tölulegar upplýsingar ekki eingöngu mið af kynferðisbrotum heldur einnig öðrum ofbeldisbrotum, þar með talið andlegu ofbeldi, líkamsárásurum eða hótunum um slíkt. Ekki er heldur eingöngu um brot gegn börnum að ræða, heldur byggja upplýsingarnar á frásögnum einstaklinga á öllum aldri af báðum kynjum um ofbeldi eða misnotkun. Áhugavert er að bera saman niðurstöður þessara tveggja heimilda vegna þess mun á aðstæðum þar sem brotþoli greinir frá brotinu. Annars vegar er um að ræða brotþola sem leitar ráðgjafar hjá Stígamótum vegna kynbundins ofbeldis þar sem honum er heitið fullkomnum trúnaði og fyllir hann út spurningarlista þar sem spurt er meðal annars um tengsl hans við ofbeldismanninn.<sup>39</sup> Svörin eru vistuð í gagnagrunni Stígamóta án þess að nafns brotþola sé getið við samantekt upplýsinganna og framsetningu í ársskýrslu. Rannsókn Jónínu Guðmundsdóttur grundvallast hins vegar á dómum Hæstaréttar þar sem barn, eða forráðamaður þess, hefur kært kynferðisbrot og þar með farið með málið í opinberan farveg. Mun fleiri virðast tilkynna gerandann innan fjölskyldunnar hjá Stígamótum og mætti því fullyrða að brotþoli sé almennt viljugri til að tilkynna brot innan fjölskyldunnar undir nafnleynd fremur en að stíga fram í dagsljósið og kæra brotið til yfirvalda.<sup>40</sup>

Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2007 má finna töflu yfir tengsl brotþola og gerenda. Upplýsingarnar taka til 277 einstaklinga sem voru beittir ofbeldi af hendi 418 ofbeldismanna. Fyrirvari er settur í skýrsluna um að sumir ofbeldismenn gætu verið tví- eða margtaldir. Á árinu 2007 voru flestir ofbeldismenn tengdir geranda innan fjölskyldunnar, eða um 35%. Í þessum hópi eru makar, feður eða stjúpfeður, mæður eða stjúpmæður, bræður eða stjúpbræður, systur eða stjúpsystur, frændur, frænkur og afar eða stjúpafar. Næst fjölmennasti hópurinn var vinir eða kunningjar eða um 22%. Tæp 12% gerenda voru fjölskylduvinir eða giftir inn í fjölskylduna, Um 6% voru umsjónaraðilar utan fjölskyldu og 2,4% voru vinnuveitendur eða samstarfsaðilar. 6,4% voru aðrir aðilar eða ekki vitað um tengslin.

<sup>38</sup> Jónína Guðmundsdóttir 2009, bls. 36.

<sup>39</sup> Nema barnið sé undir 18 ára aldri og ber starfsfólki þá að tilkynna barnaverndarnefnd um málið.

<sup>40</sup> Með ákveðnum fyrirvara um eðli þeirra heimilda sem samanburðurinn grundvallast á þar sem annars vegar er um að ræða börn samkvæmt dómarannsókn Jónínu Guðmundsdóttur en til Stígamóta leita oftar fullorðnir brotþolar sem hafa orðið fyrir ofbeldi einhvern tímann á lífsleiðinni, ekki endilega í barnæsku.

Einungis 16% gerenda voru brotþola ókunnugir.<sup>41</sup> Í ársskýrslu Stígamóta fyrir árið 2008 var sambærilegur spurningalisti lagður fyrir 236 einstaklinga sem 380 ofbeldismenn höfðu beitt ofbeldi. Skýrslan er sett fram með sama fyrirvara um að sumir ofbeldismannanna kynnu að vera tví- eða margtaldir. Gerendur ókunnugir þolanda voru einungis tæp 13% af heildarfjöldanum. Í rétt rúmlega 37% tilvika var ofbeldismaðurinn tengdur þolanda innan fjölskyldunnar á sama hátt og lýst er að framan. Næst fjölmennasti hópurinn er aftur vinir eða kunningjar eða tæp 30% gerenda. Fjölskylduvinir eða aðilar giftir inn í fjölskylduna töldust 9% gerenda, rúm 2% umsjónaraðilar utan fjölskyldunnar, tæp 3% yfirmenn eða samstarfsaðilar, rúm 2% fagaðilar og tæp 5% aðrir aðilar. Upplýsingar vantaði eða merkt var við fleira en eitt atriði í 1,6% tilfella.<sup>42</sup> Í nýjustu ársskýrslu Stígamóta frá 2009 var borinn spurningarlisti undir 210 einstaklinga sem orðið höfðu fyrir ofbeldi af hendi 370 ofbeldismanna. Enn sem áður er mögulegt að sumir einstaklinganna séu tví- eða margtaldir. Kemur í ljós að rétt rúm 18% ofbeldismannanna voru ókunnugir þolanda, en gerendur innan fjölskyldunnar eru stærsti einstaki hópurinn, eða tæp 36%. Næst fjölmennasti hópurinn er vinir eða kunningjar eða í rúmum 25% tilfella. Í rúmum 8% tilfella var um að ræða fjölskylduvin eða aðila sem var giftur inn í fjölskylduna. Rúm 2% gerenda reyndust vera umsjónaraðilar utan fjölskyldunnar, tæpt 1% yfirmenn, tæp 2% gerenda voru fagaðilar, tæp 6% aðrir aðilar og í 1,4% tilfella vantaði upplýsingar eða merkt var við fleiri en eitt atriði.<sup>43</sup>

### 3. Samantekt

Með því að taka meðaltal niðurstaðna um tengsl gerenda við brotþola úr Hæstaréttardómum frá árunum 1983-2009 og meðaltal tölulegra upplýsinga úr ársskýrslum Stígamóta fyrir árin 2007-2009 má sjá, að niðurstöðunum ber að nokkru leyti saman. Þó virðist hlutfall vina eða kunningja í hópi gerenda vera nokkuð hærra í kynferðisbrotamálum gegn börnum fyrir Hæstarétti á meðan gerandi reynist oftara vera innan fjölskyldunnar samkvæmt frásögn þolanda sem leita til Stígamóta. Ástæðan gæti verið fólgin í tilgátu rannsóknarinnar – að þolendur kynferðisbrota á barnsaldri séu síður tilbúnir til að kæra þegar brotið á sér stað innan fjölskyldunnar. Þegar niðurstöður þessara tveggja heimilda eru bornar saman má greina samhengi milli hlutfalls vina og kunningja og ókunnugra innan gerendahópsins. Aftur á móti gætir ósamræmis milli hlutfalls gerenda innan fjölskyldu í þeim málum sem fara fyrir Hæstarétt og í málum þar sem brotþoli leitar til Stígamóta. Brotþoli sem leitar sér aðstoðar hjá Stígamótum virðist oftara tilgreina gerandann innan fjölskyldunnar. Út frá þessum

---


<sup>41</sup> Ársskýrsla Stígamóta 2007.

<sup>42</sup> Ársskýrsla Stígamóta 2008.

<sup>43</sup> Ársskýrsla Stígamóta 2009.

samanburði mætti ætla að eftir því sem tengslin eru meiri milli geranda og brotþola sé brotþoli tregari til að kæra brotið, en sé frekar tilbúinn til þess að greina frá brotinu í skjóli nafnleyndar í þeim tilgangi að leita sér ráðgjafar og aðstoðar við afleiðingar ofbeldis og misnotkunar. Ítarlegri umfjöllun um hugsanlegar ástæður þessa trega á að kæra kynferðisbrotamál innan fjölskyldunnar verður fjallað um í kafla VI.

Hér hafa tölulegar upplýsingar úr Hæstaréttardómum og ársskýrslum Stígamóta verið settar upp í súlurit til að auðvelda samanburð. Hvað sem öðru líður má ljóst vera að sú þrautseiga goðsögn um að konum og börnum stafi hvað mest ógn af kynferðisofbeldi af hendi ókunnugra fær ekki staðist.



## V. Rannsóknir á dómum Hæstaréttar

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknar á dómunum kynntar. Til skýringa verður greint frá efnistöku rannsóknarinnar og útskýrt í hverju hún felst og hver markmið hennar eru.

### 1. Efnistöku

Við rannsóknina voru skoðaðir þeir dómar Hæstaréttar þar sem sakfelld var fyrir brot á ákvæðum 200., 201. gr. og 202. gr. hgl. Til samanburðar voru skoðaðir Hæstaréttardómar þar sem eingöngu var sakfelld fyrir brot gegn 202. gr., en samkvæmt þeirri grein er það ekki skilyrði sakfellingar að barn sé tengt geranda á nokkurn hátt, líkt og 200. og 201. gr. áskilja, heldur duga ákveðin aldursmörk til sakfellingar. Sýknu- og ómerkingadómar voru ekki teknir með, heldur eingöngu þeir dómar þar sem sakfelld var fyrir brot á framangreindum þremur ákvæðum. Talið var að besta efnislega niðurstaða rannsóknarinnar fengist með þeim hætti. Athugunin tók til samtals 84 Hæstaréttardóma, en brotapolarnir voru samtals 133. Við rannsóknina var stuðst við nýtt rit Ragnheiðar Bragadóttur, þar sem hún reifar alla dóma í kynferðisbrotamálum sem hafa fallið í Hæstarétti 1992-2008.<sup>44</sup> Að auki voru teknir með Hæstaréttardómar sem féllu eftir útgáfu bókarinnar eða fram til mars 2010.

Markmiðið með dómarannsókninni var að kanna hvort lengri tími líði frá kynferðisbroti gegn barni þar til kært er ef barn tengist geranda blóðböndum, sbr. 200. gr., eða með þeim hætti sem lýst er í 201. gr. Einnig var kannaður sá tími sem líður frá því barn lætur vita um brot þar til það er kært. Til samanburðar var gerð rannsókn á kynferðisbrotadómum sem kveðnir hafa verið upp í Hæstarétti, þar sem gerandi tengist brotþola ekki sérstökum tengslum innan fjölskyldunnar eða öðrum trúnaðarböndum. Lögð var megináhersla á nokkrar breytur sem taldar eru skipta máli til að varpa skýrara ljósi á rannsóknina. Breyturnar eru eftirfarandi:

#### a) Aldur barns við brot

Litið var til upphafstíma brota og miðað við það tímamark sem Hæstiréttur taldi að brotin hefðu sannanlega hafist og aldur barns reiknaður út frá fæðingarári. Væri aldur barns ekki sérstaklega tilgreindur, heldur eingöngu fæðingarár og brotið framið á fyrstu vikum nýs árs, var miðað við aldur barns í desember fyrra árs. Ef engar upplýsingar lágu fyrir um aldur barns

---

<sup>44</sup> Ragnheiður Bragadóttir. 2009, bls. 403-415.

var dómurinn ekki tekinn með í niðurstöðurnar sem settar eru fram í súluritum hér aftar í kaflanum.

*b) Aldur barns við kæru*

Miðað var við þann tíma sem kæra var lögð fram hjá lögreglu af hendi þolandans sjálfs, forráðamanna hans væri hann undir 18 ára aldri, eða barnaverndaryfirvalda. Ef ekki var tilgreind dagsetning kæru var miðað við útgáfuár ákæru, en árið á undan væri ákæra var dagsett snemma árs. Þessi breyta er mikilvæg því með henni er hægt að greina hversu langur tími líður frá broti til kæru og þann tími sem líður frá því barn greinir einhverjum frá broti þar til málið er kært.

*c) Aldur barns þegar það segir fyrst frá broti .*

Hér voru eingöngu teknir með dómar þar sem fram kom að barn hefði greint einhverjum frá broti gegn sér. Sá aðili gat verið innan fjölskyldunnar, vinur, einhver utan fjölskyldu eða einhver sem tengdist skóla- eða barnaverndaryfirvöldum. Markmiðið var að kanna hvernig brugðist hefði verið við þegar slíkar upplýsingar lágu fyrir og hvaða aðgerðir fylgdu í kjölfarið. Niðurstöður 200. og 201. gr. hgl. eru bornar saman við 202. gr. sömu laga.

*d) Er um ítrekuð brot að ræða?.*

Eðlilegt þótti að taka þessa breytu með í rannsóknina þar sem hún gæti skýrt það tímabil sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Ef brotið er gegn ungu barni og það hefur ekki skýrt frá brotinu, skiptir máli hvort um ítrekuð brot er að ræða eða einstakt tilfelli. Ítrekuð brot hafa eðli máls samkvæmt alvarlegri áhrif á brotaþola, auk þess sem gerandi virðist í þeim tilvikum brýna sérstaklega fyrir barninu að greina ekki frá brotinu þar sem það gæti til dæmis haft ákveðnar skelfilegar afleiðingar í för með sér. Með því að skoða dóma Hæstaréttar mátti sjá að margar mismunandi ástæður lágu að baki því að ekki var skýrt frá brotum, hvort sem þau voru ítrekuð og gróf eða eitt einstakt tilvik.

*e) Hver kærði?*

Upplýsingar um hvernig kæra barst yfirvöldum koma ekki fram í öllum dómunum. Hér eru því eingöngu teknir með þeir dómar þar sem fram kemur hvernig kærán barst. Niðurstöðurnar eru túlkaðar með hliðsjón af tilkynningarskyldu barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem fjallað er

um II. kafla, þar sem sú skylda er lögð á herðar almennings og fagfólks í málefnum barna að tilkynna til lögreglu ef grunur leikur á broti eða vanrækslu.

*f) Dómurinn sjálfur*

Eins og áður segir er eingöngu tekið mið af þeim dómum þar sem sakfelld var fyrir 200.-202. gr. hgl. Sýknu- og ómerkingadómar voru ekki teknir með. Niðurstaða Hæstaréttar var skráð, meðal annars til þess að kanna hvernig Hæstiréttur metur alvarleika brotanna og hvernig þyngd refsinga hefur þróast með árunum.

## **2. Niðurstöður**

### **2.1. Sifjaspell**

Líkt og að framan greinir eru eingöngu skoðaðir sakfellingardómar í Hæstarétti. Dómar, þar sem sakfelld var fyrir 200. gr. hgl. og féllu á árabílinu 1992-2010 eru samtals 15 og brotapolarnir alls 17.

Fyrst var tekið til skoðunar það tímabil sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Í öllum 15 málunum lágu fyrir upplýsingar fyrir um hvenær kæra hafði verið lögð fram sem og aldur brotþola við brot. Tekið var mið af aldri barns þegar brot hófust, en í tilfellum 13 brotþola reyndust brotin vera ítrekuð. Einungis í fjórum málum var um einstakt brot að ræða og má geta þess að þau brot voru tilkynnt strax. Í einu tilfelli varð kæra brotþola, sem orðið hafði fyrir aðeins einu broti af hendi geranda, til þess að annar brotþoli steig fram í dagsljósið og kærði sama geranda fyrir kynferðisbrot gegn sér.<sup>45</sup> Í öðru tilfelli varð kæra brotþola vegna eldri kynferðisbrota til þess að móðir gekk á unga dóttur sína og spurði um hugsanleg kynferðisbrot ákærða gegn henni, og leiddi það til þess að annað nýlegt brot upplýstist.<sup>46</sup> Í báðum málunum voru gerendur dæmdir fyrir bæði brotin. Í Hrd. nr. 393/2004 segir meðal annars:

*Upphaf máls þessa má rekja til kæru Þ á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot gagnvart sér aðfaranótt laugardagsins 22. mars 2003, fyrst að [...], þar sem ákærði var gestkomandi og síðar sömu nótt á heimili ákærða að [...]*<sup>47</sup>

Í dómnum er síðan rakið hvernig dóttir ákærða óskaði eftir viðtali við skólasálfræðing þar sem hún greindi frá misnotkun föður síns og í framhaldinu hafði hún samband við

<sup>45</sup> H 21. mars 2005 (nr. 393/2004).

<sup>46</sup> H 20. febrúar 2003 (nr. 410/2002).

<sup>47</sup> H 21. mars 2005 (nr. 393/2004).


hálf systur sína og spurði hana hvort ákærði hefði leitað á hana. Hálf systirin svaraði því játandi og lagði síðar fram kærú á hendur ákærða vegna kynferðisbrots.

Í H 410/2002 segir:

*Hún [móðir brotþola] sagðist fyrst hafa heyrt um meint kynferðisbrot föður síns þegar bróðir hennar hringdi í hana og vildi hitta hana. Það hafi verið mjög snemma á miðvikudagsmorgni í júlí 2001. Á hefði þá sagt sér frá sjálfsvígstilraun dóttur hans og af kynferðislegri áreitni ákærða, föður þeirra. Hún hefði þá hugsað til þess að dóttir hennar hafði gisti hjá ákærða og ömmu sinni þessa nótt. Er C kom úr vinnu þennan dag kveðst hún hafa rætt við dóttur sína og spurt hana um kynferðislega áreitni og útskýrt fyrir henni hvað það væri. Hún sagði að það hefði komið svipur á dóttur hennar þegar hún spurði hvort hún hefði orðið fyrir slíku, en hún hefði svarað neitandi. Kvaðst C þá hafa sagt við Z að hún mætti alltaf segja foreldrum sínum frá slíku, þó einhver segði henni að hún mætti ekki segja frá.<sup>48</sup>*

Á súluriti 1 tákna bláu súlurnar aldur barns við fyrsta brot en rauðu súlurnar aldur barns þegar málið var kært. Dómarnir eru samtals 21.

*Súlurit 1. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er.*



Eins og sést með skýrum hætti á þessu súluriti eru mál þar sem kært er samstundis eða fljótlega eftir brot í minnihluta þegar um brot gegn 200. gr. er að ræða. Þegar árafjöldinn er lagður saman og deilt með fjölda brotþola kemur í ljós sú sláandi staðreynd að það tekur


<sup>48</sup> H 20. febrúar 2003 (nr. 410/2002).



þann, sem hefur orðið fyrir broti af hálfu síns, að meðaltali 4,3 ár að kæra brotið. Um líklegar ástæður þessa verður fjallað í VI. kafla.

Þá var skoðað tímabilið sem líður frá því að barn segir frá broti þar til kært er. Ekki er sérstaklega tilgreint hverjum barnið segir frá brotinu, en algengast virðist þó að það sé fjölskyldumeðlimur, besti vinur/vinkona, leikskólakennari, grunnskólakennari, skólastjóri eða skólasálfræðingur. Nokkuð algengt virðist einnig að mæður vinkvenna/vina brotþola hafi tilkynnt til barnaverndarnefndar eftir að hafa heyrt af meintri misnotkun frá börnum sínum. Eingöngu voru skoðaðir dómur þar sem fram kom að barnið hefði látið einhvern vita. Þeir eru 10 talsins en brotþolarnir 12.

Súluurit 2. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er.



Samkvæmt þessu virðist mun skemmri tími líða frá því barn segir frá broti þar til kært er, miðað við þann tíma sem líður frá fyrsta broti til kæru.<sup>49</sup> Sé árafjöldinn lagður saman og deilt í með fjölda brotþola kemur í ljós að það líður að meðaltali 1,14 ár þangað til kært er. Draga má þá ályktun að foreldri, eða aðrir sem barnið greinir frá broti, bregðist nokkuð skjótt við eftir að barn hefur sagt frá broti. Á hinn bóginn má þó gagnrýna þennan meðaltíma sem það tekur að koma málinu til yfirvalda þó hann sé skemmri en sá tími sem líður frá fyrsta broti fram að kæru. Rúmt ár er of langur tími sem líður frá broti til kæru, sérstaklega eftir að barnið hefur treyst öðrum fyrir grófu broti gegn sér sem beinist gegn mikilvægum verndarhagsmunum þess. Hér á eftir verða þessar niðurstöður bornar saman við sama tímabil þegar gerandi er ekki tengdur barninu sífjáböndum til að kanna hvort munur sé þar á.

<sup>49</sup> Sjá súluurit 1.


## 2.2. Trúnaðarbrot gegn börnum yngri en 18 ára

Dómar þar sem sakfelld er fyrir brot gegn 201. gr. hgl. (stundum nefnt „stjúpföðurákvæðið“) eru 18 talsins á tímabilinu 1992-2010. Brotapolarnir í hverju máli voru ýmist einn eða tveir, en samtals er um að ræða 20 brotþola í 18 málum.

Líkt og í kaflanum að framan verður fyrst gerð grein fyrir tímabilinu sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Af þeim 18 dómum sem skoðaðir voru kom fram hvenær kært hafði verið og aldur brotþola við fyrsta brot. Í H 72/1995 lágu ekki fyrir upplýsingar um aldur brotþola. Það kom þó ekki að sök þar sem fyrir lá hvenær brotin hófust og hvenær málið var kært. Einungis tveir brotþolar urðu einu sinni fyrir broti. Þannig urðu 90% brotþola fyrir ítrekuðum kynferðisbrotum af hálfu gerandans áður en málið var kært.

Líkt og í *súluiriti 1* tákna bláa súlurnar í *súluiriti 3* aldur barns þegar brot er framið, en þær rauðu aldur barns þegar kært er.

*Súluirit 3. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er.*




Samkvæmt *súluiriti 1* sést að í mörgum tilfellum líður langur tími frá því að brot er framið þar til kært er. Í *súluiriti 3*, sem sýnir dóma þar sem sakfelld var fyrir 201. gr. hgl., er munurinn enn skýrari. Ef tíminn frá fyrsta broti til kærú er lagður saman og deilt í með fjölda brotþola, kemur í ljós að meðaltími sem líður frá broti til kærú er 5 og 1/2 ár. Í þessum tilvikum virðist líða því enn lengri tími en í málum þar sem barn er í sifjatengslum við geranda. Þennan mun

má þó hugsanlega rekja til þess að í tveimur málum þar sem ákært var fyrir 201. gr. hgl. leiðmjög langur tími frá broti að kæru, eða 18 ár í H 454/2001 og 15 ár í H 463/2003.

Í fjölmörgum dómum eru teknar fram ástæður brotþola fyrir drætti á kæru. Í þessu samhengi má nefna H 463/2006. Þar var stjúpfaðir sakfelldur fyrir að hafa haft nærri daglega kynferðismök við stjúpdóttur sína frá því hún var 5-6 ára þar til hún var 17 ára. Þolandinn var rúmlega tvítugur er hann lagði fram kæru á hendur stjúpföður sínum. Fyrir dómi bar stúlkan að ákærði hefði oft sagt við hana að „ef hún segði frá þessu myndi hann ekkert fara illa út úr því en það myndu allir líta á hana sem einhvern viðbjóð“. Eftir að hún eltist og kynntist strákum ráðlagði ákærði henni að segja strákunum þetta ekki þar sem enginn myndi líta við henni. Tók stúlkan fram fyrir dómi að henni hafi alltaf fundist sem allt væri sér að kenna og það hafi ekki verið fyrir en um hálfu ári áður en hún lagði fram kæru að hún hafi áttað sig á því að hún ætti enga sök á þessu.

Rauða súlan á *súluriti 4* sýnir aldur þolanda þegar hann segir frá broti, bláa súlan aldur þess þegar kært er. Ekki er skoðað sérstaklega hverjum barn sagði frá broti, en algengast var að barn segði foreldri ,vini/vinkonu, kennara, skólastjóra eða skólasálfræðingi. Í alls 17 skipti í 13 dómum var tekið fram að brotþoli hefði tilkynnt öðrum aðila um brot áður en kæra var lögð fram.

*Súlurit 4. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er.*



Þegar *súlurit 2* og *súlurit 4* eru borin saman kemur í ljós að meðaltíminn sem líður frá því að sagt er frá broti þar til kæra er lögð fram er nokkuð sambærilegur. Meðaltími í málum


sem eiga undir 201. gr. hgl. er þó örlítið lengri, eða um 1,4 ár miðað við 1,14 ár í sífjaspellsmálum 200. gr. Erfitt er að staðhæfa að þetta sé almennt marktækur munur í ljósi þess hve málin eru fá. Ljóst er þó að málin eru kærð fyrir ef barn hefur á annað borð greint frá broti.

### 2.3. Brot gegn börnum undir kynferðislegum lágmarksaldri


Eftir að kannaður hefur verið sá tími sem líður frá broti til kæru og sá tími frá því barn segir frá þar til kæra er lögð fram, skv. 200. og 201. gr. hgl., þykir nauðsynlegt til samanburðar að rannsaka hvort greinanlegur munur sé til staðar ef brotið er framið af einstaklingi sem ekki er í þeim tengslum við barnið sem 200. og 201. gr. gera ráð fyrir. Oftast er ákært og sakfelld bæði fyrir 200. eða 201. gr. og 202. gr. hgl. ef barnið er undir 15 ára aldri. Skoðaðir voru sérstaklega Hæstaréttardómar, þar sem sakfelld var fyrir 202. gr. án þess að 200. eða 201. gr. væru með. Dómarnir þar sem sakfelld er eingöngu fyrir brot á 202. gr. á tímabilinu 1992-2010 eru 51 talsins, en brotapolarnir samtals 96. Í tilfelli 44 brotþola (45% tilfella) voru brotin ítrefuð. Þetta er talsvert lægra hlutfall en í 200. og 201. gr., en þar voru hlutföllin 76% og 90%. Er þetta í samræmi við heildarniðurstöður rannsóknarinnar sem gert er grein fyrir hér aftar. Eðli máls samkvæmt eru tengsl milli þess hve fljótt brot er kært og þess hvort um sé að ræða ítrefuð brot. Er þannig komið í veg fyrir að brotamaður brjóti ítrefuð gegn barni.

Til samanburðar við 200. og 201. gr. hgl. eru upplýsingar um tímann sem líður frá því brot er framið þar til kært er settar fram í súluriti, á sama hátt og í *súluritum 1* og *3*. Dómar, þar sem sakfelld er fyrir brot gegn 202. gr. hgl. eru mun fleiri en þeir dómar þar sem sakfelld er fyrir 200. eða 201. gr. Til hægðarauka er dómunum raðað niður á fjögur súlurit. Fyrsta súluritið (*súlurit 5a*) tekur til dóma sem kveðnir voru upp á árunum 1992-1999, annað (*súlurit 5b*) tekur yfir árin 2000-2002, það þriðja (*súlurit 5c*) yfir tímabilið 2003-2006 og það síðasta yfir árin 2007-2010 (*súlurit 5d*). Líkt og að framan tákna bláu súlurnar aldur barns við fyrsta brot, en þær rauðu aldur þolanda er kært er.


Súlurit 5a. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Dómar á árunum 1992-1999.




Súlurit 5b. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Dómar á árunum 2000-2002.



Súlu rit 5c. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er. Dómar á árunum 2003-2006.



Súlu rit 5d. Tími sem líður frá fyrsta broti þar til kært er Dómar á árunum 2007-2010.



Greinanlegur munur er á framangreindum súlu ritum í samanburði við *súlu rit 1* og *3*. Til þess að auðvelda samanburð við *súlu rit 1* og *3* er fundin meðaltímalengd frá því að barn verður fyrir broti þar til málið er kært. Þetta er gert með því að deila heildarárfjölda sem líður

frá aldri barns við fyrsta brot til kæru með fjölda brotaþola. Niðurstaðan er sú að það tekur brotaþola, sem brotið er á samkvæmt 202. gr. hgl. að meðaltali 1,9 ár að kæra. Þó að þetta sé í sjálfu sér langur tími er hann mun skemmri en þegar um brot gegn 200. og 201. gr. er að ræða, sbr. kafla 2.1 og 2.2.

Viðbrögð brotaþola við kynferðisbrotum sem framin eru af einhverjum sem tengist honum ekki með tengslum sem lýst er í 200. eða 201. gr., virðast vera annars eðlis. Þessi munur er greinilega merkjanlegur í þeim dómum sem rannsakaðir voru. Í VI. kafla verður farið dýpra ofan í hugsanlegar ástæður þessa. Til að styðja kenninguna um ólíkt eðli þessara brota má taka dæmi af handahófi úr dómum þar sem sakfelldur var fyrir 202. gr. hgl.

Í H 215/2004 voru málsatvik þau að A var ásamt tveimur vinkonum sínum að passa börn X, sem var sakfelldur fyrir að hafa strokið A innan klæða um maga upp að brjósti og reynt að setja hönd undir buxustreng hennar. Tveimur dögum síðar barst lögreglunni bréf frá barnaverndarnefnd þar sem óskað var eftir rannsókn á meintu broti. Vinkona A bar vitni fyrir dómi þar sem fram kom m.a. að:


*Ákærði hafi síðan sest hjá A og farið inn undir bol hennar og farið að strjúka henni á maganum. A hafi þá verið vöknud og ákærði fært hönd sína neðar og reynt að fara undir buxurnar hennar. A hafi þá velt sér á hliðina og sagst vilja fara heim. Þær hafi síðan farið heim til A. Vitnið kvaðst hafa skýrt móður sinni strax frá þessu, en móðir hennar hafi náð í hana til A um nóttina.*

Næst má nefna H 284/2005, þar sem maður var sakfelldur fyrir að káfa á stúlku sem var gestkomandi á heimili bróður síns.


*Laust eftir hádegi sama dag kom B að nýju á lögreglustöðina í P og þá ásamt stúlkunni A. Lýsti A þá því fyrir lögreglu að hún hefði vaknað um kl. 04:00 um nóttina og þá hafi „[X] þessi“ verið að káfa á henni. Taldi stúlkan hann hafa verið mjög drukkinn. Hún sagði hann hafa nuddað kynfæri hennar og sett fingur í leggöng. Jafnframt hefði hann farið með hendur inn undir bol þann sem hún var í og káfað á brjóstum hennar.*

Til að rannsaka og bera saman það tímabil sem líður frá því að barn segir frá broti þar til kært er eru niðurstöður settar upp í *súluriturum 6a-6d*. Alls voru skoðaðir 44 dómar þar sem sakfelldur var fyrir brot gegn 202. gr. á tímabilinu 1992-2010. Í þessum 44 dómum kemur fram að samtals 77 brotaþolar hefðu sagt einhverjum sem þeir treystu frá brotinu. Vegna fjölda dóma var þeim skipt niður á fjögur súlurit til þess að gefa af þessu skýrari mynd. Fyrsta súluritið spannar árin 1992-2002, annað nær yfir dóma á árunum 2002-2004, það þriðja árin 2004-2007 og það síðasta árin 2007-2010. Bláu súlurnar tákna aldur þolanda þegar hann fyrst lét vita af broti, en þær rauðu aldur þolanda þegar kæra var lögð fram.

Súlurit 6a. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er. Dómar á árunum 1992-2002.




Súlurit 6b. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er. Dómar á árunum 2002-2004.






Súlurit 6c. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er. Dómar á árunum 2004-2007.




Súlurit 6d. Tími sem líður frá því sagt er frá broti þar til kært er. Dómar á árunum 2007-2010.



Ef reiknaður er út sá meðaltími sem það tekur að kæra eftir að þolandi segir einhverjum frá kynferðisbroti gegn sér, kemur í ljós að hann er svipaður þeim tíma sem það tók að kæra brot ef brotið var framið af geranda sem tengdist brotþola með þeim hætti sem lýst er í 200. og 201. gr. hgl., eða um ár. Meðaltímalengdin vegna brota sem heyra undir 200. gr. er 1,14 ár en 1,4 ár þegar brotið heyrir undir 201. gr. hgl.

### 3. Samanburður

Til þess að auðvelda samanburð má hér lesa af *súluiriti 7* meðaltíma allra ákvæðanna þriggja. Við samanburðinn kemur í ljós að sá meðaltími sem líður frá broti að kæru er mun lengri í þeim tilfellum þar sem gerandi tengist barninu fjölskyldu- eða trúnaðarböndum samkvæmt 200. eða 201. gr. hgl. Ef brotið er gegn barni skv. 202. gr. líður að jafnaði skemmri tími þar til kæra er lögð fram, þó gagnrýna megi að tæp tvö ár skuli líða frá því að fyrst er brotið gegn barni þar til kært er í málinu. Við rannsókn á því hvort lengri tími líði frá broti þar til barn tilkynnir um brot gegn sér leiddi rannsóknin í ljós minni mun milli ákvæða en í fyrra tilvikinu þó aðeins lengri tími líði þegar gerandinn tengist barninu á þann hátt sem lýst er í 200. eða 201. gr. hgl., eða 1,14 og 1,4 ár í stað 1 árs í málum 200. gr. Má halda því fram að brugðist sé skjótt við þegar barn hefur tilkynnt aðstandanda, vini, kennara eða öðrum sem það trúir fyrir misnotkuninni gegn sér. Þessar niðurstöður renna enn frekar stoðum undir mikilvægi þess að fræða börn, foreldra og fagfólk um kynferðislegt ofbeldi og hvernig bregðast skuli við vitneskju um slíkt, samanber umfjöllun í VI. kafla.



#### 4. Niðurstöður

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir einstaka niðurstöðum rannsóknar á dómum Hæstaréttar sem féllu á tímabilinu 1992-2010 fyrir brot gegn 200., 201. eða 202. gr. hgl. Verður nú gerð stutt samantekt yfir þær niðurstöður og ályktað út frá þeim.

##### 4.1 Tíminn frá kynferðisbroti til kæru

Mun má merkja á *súluritum 1 og 3* í samanburði við *súlurit 5a-5d*. Í dómunum þar sem gerandinn tengdist barninu sífjaböndum eða með þeim hætti sem lýst er í 201. gr. hgl. leið lengri tími frá því að brot var framið þar til kært var, eða um 4,3 ár þegar brot átti undir 200. gr. og 5,5 ár þegar brot féll undir 201. gr. Væri gerandinn ótengdur barninu fjölskylduböndum leið mun skemmri tími, eða um 1,9 ár, sbr. 202. gr.

Markmið rannsóknarinnar var að svara spurningunni um hvort lengri tími liði frá broti að kæru ef gerandinn tengdist barni með þeim hætti sem lýst er í 200. og 201. gr. hgl. Af framangreindu er ljóst að svarið er jákvætt. Greina má mun á milli þess tíma sem líður frá broti að kæru þegar brotið á undir 200. eða 201. gr. hgl. annars vegar og 202. gr. hins vegar. Lengsti tíminn virtist líða þegar brotið var gegn 201. gr., svonefndu „stjúpföðurákvæði“, og það vekur athygli að munurinn á 200. og 201. gr. hgl. er nokkuð mikill, eða rúmt ár. Þennan mun má þó hugsanlega rekja til þess að í tveimur málum þar sem ákært var fyrir 201. gr. hgl. leið mjög langur tími frá broti að kæru, eða 18 ár í H 454/2001 og 15 ár í H 463/2003. Dreifingin var jafnari í málum þar sem sakfelld var fyrir 200. gr.

Þessar niðurstöður renna stoðum undir þá fullyrðingu að gerendur sem tengjast barni með sífjum eða öðrum fjölskyldu- eða trúnaðarböndum eigi auðveldara með að nýta sér ýmsar aðferðir við að tryggja þagmælsku barnsins, til dæmis með hótunum, valdbeitingu, umbunum eða fyrirmælum um að verknaðurinn sé leyndarmál þeirra tveggja. Barnið leggur traust á að gerandinn sjái fyrir öryggi og velferð þess og á jafnvel erfiðara með að gera sér grein fyrir að verið sé að brjóta gegn því á refsiverðan hátt.

##### 4.2 Tíminn frá því að barn segir frá þar til kært er

Ekki reyndist vera jafn skýr munur á lengd tímans frá því barn greindi öðrum frá broti þar til kæra var lögð þegar borin voru saman brot gegn barni innan fjölskyldu eða samkvæmt þeim tengslum sem lýst er í 201. gr. hgl. og brot þar sem gerandi tengdist ekki barninu með sambærilegum hætti. Meðaltíminn sem það tók að leggja fram kæru þegar barn hafði greint

frá broti var 1,14 ár í dómum vegna 200. gr., 1,44 ár í dómum vegna 201. gr. og 1 ár í dómum vegna 202. gr.

Þessar niðurstöður benda til þess að brugðist sé nokkuð skjótt við þegar barn hefur greint frá slíku broti. Meðaltíminn er þó of langur ef litið er til þess að barn hefur greint frá því að brotið hafi verið gegn því kynferðislega en ekkert er aðhafst í rúmt ár frá þeim tímapunkti. Stundum tekur þó tíma að leggja kærufyrirspurn fram, til að mynda þurfa barnaverndaryfirvöld að kanna ástæðu máls og hvort tilefni sé til frekari rannsóknar eftir að tilkynning hefur borist þeim. Þegar athugun máls er lokið er tekin ákvörðun um framhaldið og að lokum lögð fram kæra ef ástæða þykir til.

#### 4.3 Ítrekunartíðni

Í súluriti 1, 3 og 5a-5d var litið til aldurs barns við fyrsta brot. Reyndar var það svo í flestum tilfella þar sem brot áttu sér stað innan fjölskyldunnar að þau voru ítrekuð, og náðu jafnvel yfir margra ára tímabil. Í þeim tilfellum þar sem brotið var gegn 200. gr. hgl. urðu 13 brotapolar af alls 17 fyrir ítrekuðum brotum af hálfu geranda, eða í 76% tilfella. Í þeim dómum þar sem sakfelldur var fyrir 201. gr. hgl. reyndist hlutfallið vera töluvert hærra, eða 90%. Þar var um að ræða 18 brotapolar af samtals 20 sem sættu ítrekaðri misnotkun af hálfu geranda. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við ítrekunartíðni brota sem falla undir 202. gr. hgl. er munurinn mikill. Í þeim flokki sættu 44 brotapolar af 98 ítrekuðum kynferðisbrotum af hálfu geranda, eða tæp 45%.

Skýringuna á þessum muni tímallengdar milli ákvæða endurspeglast í niðurstöðum rannsóknarinnar. Líkurnar á ítrekaðri misnotkun minnka þegar brugðist er skjótt við eftir að fyrsta brot er framið. Þetta á sérstaklega við þegar barnið er ekki tengt geranda með sama hætti og lýst er í 200. og 201. gr. hgl. og gerandi hefur ekki sama aðgang að barninu og ef hann væri tengdur því fjölskyldu- eða trúnaðarböndum. Að sama skapi aukast líkurnar á ítrekuðum brotum þegar brotin eiga sér stað innan veggja heimilisins og gerandi jafnframt í hlutverki uppalanda sem barnið ber trúnað og traust til, sbr. 200. og 201. gr. Í H 58/2009 var stjúpaðir sakfelldur og dæmdur í átta ára fangelsi fyrir að hafa brotið ítrekað gegn stjúpdóttur sinni á þriggja ára tímabili. Í niðurstöðum héraðsdóms segir:

*Ákærði, sem er fæddur 1970, á sér ekki nokkrar málsbætur. Hefur hann með háttsemi sinni brotið mjög alvarlega gegn ungu barni sem honum var treyst og trúað fyrir í mörg ár og með þeim afleiðingum að hann hefur rúð barnið æsku sinni og þeim möguleika að lifa eðlilegu lífi í sátt við sjálfa sig, aðra og umhverfi. Misnotaði ákærði gróflega þann trúnað sem brotali sýndi honum og þá virðingu sem hún bar einnig fyrir honum sem uppalanda. Þá braut ákærði á brotali á*

*heimili hennar þar sem hún átti að eiga öruggt skjól og vernd fyrir slíkri misnotkun. Voru brotin fallin til þess að valda brotaþola verulegum skaða og átti ákærða að vera það fyllilega ljóst.<sup>50</sup>*

---

<sup>50</sup> H 28. maí 2009 (nr. 58/2009).

## VI. Þögul þjáning

*„Ég veit ekki hversu lengi ég lá og hugsaði um það sem gerðist. Ég man það eitt hvað ég var fegin að heyra að Gísli var sofnaður og farinn að hrjóta lágt. Ég velti mér af bakinu á vinstri hliðina upp að mömmu og hlustaði á svefnhljóðin í herberginu, í þeim öllum og vindinn fyrir utan gluggann. Ég var full af nýjum ókunnum ótta. Óttanum við að mamma yrði brjáluð ef hún vissi þetta. Eins gott að hún svaf.“<sup>51</sup>*

Niðurstöður dómarrannsóknar í kaflanum hér að framan benda til þess að börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi greina seint frá kynferðislegri misnotkun gegn sér. Þetta á sérstaklega við um brotþola sem hafa orðið fyrir misnotkun af hendi einhvers innan fjölskyldunnar eða aðila sem þeir treysta. Afleiðingar þessa eru meðal annars fólgnar í töfum á kærú máls, sönnunarstaða veikist auk þess sem oft reynist erfiðara fyrir brotþola að vinna úr afleiðingum brots ef langur tími líður þar til hann leitar sér viðeigandi hjálpar. Í þessum kafla verður fjallað um hugsanlegar ástæður þess að börn sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi greina ekki frá misnotkuninni strax eða fljótlega eftir að hún hefur átt sér stað. Til hliðsjónar verður vitnað í nokkra Hæstaréttardóma þar sem greint er frá ástæðum tafar á kærú.

### 1. Ástæður leyndar

Líkt og sjá má í kafla V (4.1) um niðurstöður dómarrannsóknar er ljóst að í mörgum málum líður langur tími frá því að brotið er gegn barni og þar til kært er. Ástæður þess geta verið af margvíslegum toga. Gerendur sem tengjast barninu innan fjölskyldunnar eða með þeim hætti sem lýst er í 201. gr. hgl. eru í annarri stöðu en gerendur sem þekkja ekki til barnsins. Ef gerandinn er ókunnugur barninu og um er að ræða eitt tilvik misnotkunar er auðveldara fyrir barnið að leita í faðm fjölskyldunnar og heimilisins og segja frá því sem gerðist.<sup>52</sup>

Í nokkrum dómum voru tilgreindar ástæður þess að brotþoli greindi ekki strax frá broti eða lét mörg ár líða þar til hann lagði fram kærú. Í sumum tilfellum var það brotþoli sjálfur sem greindi frá því við dómsmeðferð máls eða við skýrslugjöf hjá lögreglu af hverju hann sagði ekki frá misnotkuninni strax. Í öðrum tilfellum kom það fram í skýrslum sérfræðinga eða framburði vitna sem brotþoli hafði treyst og sagt frá broti.

---

<sup>51</sup> Baugalín 2000, bls. 118.

<sup>52</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 24.

## 1.2. Leyndarmálið okkar

„Börnum sem beitt eru kynferðisofbeldi er stundum sagt að atburðurinn sé leyndarmál sem engum megi segja frá.“<sup>53</sup> Þannig er gerandinn að varpa ábyrgðinni yfir á barnið sem telur sig vera að bregðast trúnaðartrausti hans með því að segja frá misnotkuninni. Í sumum tilfellum samsamar barn sig verknaðinum og telur sig vera meðsekt með því að vera hluti af eða óviljugur þátttakandi í „leyndarmálinu“. Í sumum tilfellum beitir gerandi einnig líkamlegu ofbeldi eða hótunum um slíkt við því að barn segi frá. Af þeim dómum sem skoðaðir voru fyrir rannsóknina mátti ráða að brotapolarnir leituðu oft til einhvers sem þeir treystu og hófu frásögn sína af misnotkuninni þannig að þau ætluðu að treysta viðkomandi fyrir leyndarmáli.

Í H 298/2006 hafði móðir brotþola verið kölluð til yfirheyrslu á lögreglustöð og fengið að vita að sambýlismaður hennar væri grunaður um kynferðisbrot gagnvart vinkonu dóttur hennar. Þetta varð til þess að hún ræddi við dóttur sína um það hvort ákærði hefði einnig misnotað hana. Fór brotþoli fyrst í vörn en brotnaði síðan saman og greindi frá því að ákærði hafi margsinnis átt við hana endaparmsmök og kynmök um leggöng en fyrir það hafi hún þegið peningagreiðslur. Brotþoli kvað stjúpföður sinn hafa sagt að hún mætti ekki segja frá, annars gæfi hann henni ekki peninga. Hann hafi gefið henni 500-3000 krónur fyrir skiptið en stundum hafi hann tekið peningana aftur. Henni hafi verið sama um peninginn og langað til að segja frá en ekki þorað því ákærði hafi oft slegið hana utan undir þegar hún hlýddi ekki. Hér má einnig ætla að hræðsla við geranda hafi verið ein ástæða þess að barnið greindi ekki frá misnotkun að fyrra bragði.

Í H 220/2006 hafði gerandinn, faðir brotþola, brýnt fyrir dóttur sinni að hún mætti ekki segja frá. Hafði barnið þó sagt skólafélögum frá misnotkuninni.

*Vitnið kvað sér hafa liðið illa yfir því sem ákærði gerði við hana. Engum hafi líkað við hana og hún hafi alltaf verið ein. Ákærði hafi sagt við hana að hún mætti ekki segja frá þessu. Hún hafi þó sagt besta vini sínum N frá þessu. Hún hafi einnig sagt vinum sínum í K frá þessu en það væru strákar. Kvaðst hún þó ekki muna nöfn þeirra en einn þeirra heiti O. Hún hafi sagt honum frá þessu þegar hún var 14 ára. Þá kvaðst hún hafa sagt I frá þessu þegar hún var 8 ára og fyrir skömmu hafi hún sagt kærasta sínum, P, frá þessu. Þegar hún var í vinnuskóla síðastliðið sumar hafi hún sagt vinnufélögum sínum frá þessu. Þau hafi kjaftað frá og þá hafi hún sagt Æ verkstjóra sínum frá þessu líka. Hún hafi einnig sagt móður sinni frá þessu. Það hafi verið í fyrsta sinn þetta sumar sem hún sagði einhverjum fullorðnum frá þessu. [áherslubreytingar höf.]<sup>54</sup>*

<sup>53</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 13.

<sup>54</sup> H 26. október 2006 (nr. 220/2006).

Þegar stúlkan var spurð um ástæður þess að hún hefði ekki greint fyrr frá brotinu kvaðst hún hafa óttast að það myndi „skapa vandamál“. Sagði hún að sér hefði liðið illa og þá hafi hún oftast skorið á sér hendurnar.

### 1.3. Afleiðingar þess að segja frá

Önnur aðferð gerenda til þess að tryggja þögn ungra brotþola virðist vera að sannfæra þá um að „uppljóstrun leyndarmálsins“ muni hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér fyrir það. Með því er gerandinn að samsama barnið brotinu þannig að það upplifir sektarkennd sem þátttakandi, en ekki sem þolandi refsiverðs verknaðs.

Í H 464/2003 var maður dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir brot gegn þremur stúlkum. Einn brotþolinn var barnabarn gerandans. Hún bar fyrir dómi að „ákærði hefði, meðan hún var yngri, bannað henni að tala um þetta og sagt henni að þá myndu vondu karlarnir koma og taka afa.“ Þegar dómar sem varða 200. og 201. gr. eru skoðaðir virðast slíkar hótanir vera nokkuð algengar sem eins konar trygging fyrir því að barnið segi ekki segja frá misnotkuninni. Í H 448/2003 greindi brotþoli, sem var stjúpdóttir ákærða, frá við skýrslutöku í Barnahúsi að hún hafi oft verið komin á fremsta hlunn með að segja móður sinni frá brotum ákærða gegn sér, en hafi þó ekki treyst sér til þess fyrr en móðir hennar spurði hana.

*Ákærði hafi sagt sér áður en hún sagði móður sinni frá að hann þyrfti e.t.v. að fara í „grjótið“ vegna ásakana Z og sagt að hún réði hvort hún segði frá, en betra væri að hún léti það ógert vegna þess að hann og móðir hennar væru að gera allt sem þau gætu fyrir hana og þ systur hennar.<sup>55</sup>[áherslubreytingar höf.]*

Í viðtölunum kom einnig fram að brotþoli óttaðist að ákærði væri henni reiður fyrir að hafa sagt frá og hún óttist að rekast á hann. Hún vorkenndi móður sinni og taldi sig bera ábyrgð á sundrung fjölskyldunnar og fann til sektarkenndar. Í sama máli var ákærði einnig dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn dóttur sinni en upp komst um málið er dóttir ákærða greindi kennara sínum frá því að faðir sinn hefði misnotað sig.

Með því að sannfæra barn um að eitthvað skelfilegt muni koma fyrir ef það segi frá misnotkuninni er gerandi að varpa ábyrgðinni yfir á barnið sem fyllist sektarkennd ef það greinir loks frá brotinu. Í H 569/2008 var brotþoli inntur eftir því af hverju hún hefði ekki greint frá brotum sem áttu sér fyrst stað árið 1994 fyrr en á árinu 2007. Stúlkan sagði að þegar

---

<sup>55</sup> H 10. júní 2004 (nr. 448/2003).



afi sinn hefði misnotað sig í fyrsta sinn hefði hún farið að gráta og sagt að hún ætlaði að segja mömmu sinni frá þessu.

*Afi hennar hafði þá sagt: „nei, mamma þín gefur þig, mamma þín hatar þig, mamma þín trúir þér ekki“. Þegar hún hafði verið þínulítill hafði hann sagt: „Mamma þín gefur þig bara“. Hann hafði einnig sagt: „Þú vilt þetta“.<sup>56</sup> [áherslubreytingar höf.]*

Brotþoli greindi svo frá að seinna meir hefði hún skilið hvað hefði átt sér stað og væri búin að læra það í dag að kenna sjálfri sér ekki um. Sömu aðferð var beitt í H 72/1995, þar sem gerandinn, stjúpfaðir brotþola, hafði hrætt hana með því að segja að móðir hennar gæti orðið veikari ef hún segði frá. Af þeim sökum hafði hún ekki þorað eða viljað segja frá, sérstaklega þar sem ákærði hafði reynst móður hennar og bróður vel og sér hafi fundist að hún væri að bregðast þeim ef hún segði frá. Hún hefði gætt þess vel að hegða sér eðlilega gagnvart ákærða þegar aðrir sáu til. Gerandi í máli H 454/2001 notaði sömu rök eftir að hafa misnotað fósturdóttur sína með því að sannfæra hana um að móðir hennar, sem lá á fæðingardeild þegar fyrsta brotið átti sér stað, væri veik og gæti dáið ef hún segði frá. Stúlkan var 9 ára þegar fósturfaðir hennar braut fyrst á henni en lagði kærana fram þegar hún var orðin 27 ára.

#### 1.4. Skömm og sektarkennd

Líkt og að framan greinir virðast gerendur sem tengdir eru börnum fjölskyldu- eða trúnaðarböndum samkvæmt 200. og 201. gr. eiga auðvelt með að sannfæra unga brotþola um að þeir séu í raun þátttakendur í brotinu. Skýrt dæmi er að finna í H 463/2003 þar sem fósturfaðir brotþola var ákærður fyrir kynferðisbrot gegn fósturdóttur sinni allt frá 6 ára aldri. Í dóminum segir:

*Ákærði hafði oft sagt við hana að ef hún segði frá þessu myndi hann ekkert fara illa út úr því en það myndu allir líta á hana sem einhvern viðbjóð. Eftir að hún fór að eldast og kynnast strákum hafði ákærði ráðlagt henni að segja strákunum þetta ekki þar eð þá myndi enginn líta við henni. Henni hafði alltaf fundist sem allt væri sér að kenna og að það hafði ekki verið fyrir en sl. haust að hún hafði áttað sig á því að hún átti enga sök á þessu.<sup>57</sup>*

Hér má einnig vísa í fyrrnefndan H 569/2008, þar sem gerandinn, afi brotþola, sannfærði barnabarn sitt um að hún „vildi þetta sjálf“ og að mamma hennar myndi ekki trúá henni og jafnvel gefa hana burt dirfðist hún að segja móður sinni frá atvikinu. Annað dæmi má nefna úr H 148/2005 þar sem maður var sakfelldur fyrir ítrekuð kynferðisbrot gegn dóttur

<sup>56</sup> H 19. febrúar 2009 (nr. 569/2008).

<sup>57</sup> H 25. mars 2004 (nr. 463/2003).

sinni en bar því við að stúlkan leitaði á sig kynferðislega og hann hefði ákveðið að hafa við hana mök í endaparm í þeim tilgangi að valda henni sársauka og gera hana afhuga sér.

### 1.5. Brotamaður í hlutverki uppalanda

Gerendur sem tengjast barni blóðböndum eða á þann hátt sem lýst er í 201. gr. hgl. eru jafnt í stöðu uppalanda og brotamanns. Börnin bera trúnaðartraust til þeirra sem þeir misnota á grófan hátt og bregðast þar með umsjónar- og eftirlitsskyldum sínum sem foreldri. Ein af ástæðum þess að barn tilkynnir ekki um brot er sú að það gerir sér ekki grein fyrir að verið sé að fremja refsiverðan verknað gegn því þar sem það treystir og elskar gerandann og skilur ekki að það sem hann framkvæmir sé óeðlilegt og rangt. Þótt erfitt reynist að skilja það, mátti greina af mörgum dómum að brotþoli bæri ennþá hlýjar tilfinningar til geranda þrátt fyrir misnotkunina. Slíkt er ef til vill ekki óeðlilegt ef tekið er tillit til þess hlutverks sem gerandi sinnir í lífi barnsins, þá virðingu sem það sýnir honum og þann mikla aðstöðumun sem er á milli þessara tveggja aðila.

Í H 463/2003 var brotþoli spurð hvers vegna hún hafi ekki skýrt frá hegðun stjúpföður síns gagnvart henni fyrir. Hún sagðist ekki vitað það. Stjúpfaðirinn var sakfelldur fyrir að hafa nær daglega haft samræði eða önnur kynferðismök við stúlkuna frá því hún var 5 eða 6 ára þangað til hún var tæpra 18 ára. Nánar segir í dóminum:

*Henni hafi fundist þetta samband við ákærða vera **eðlilegur hluti af tilveru sinni og ekki vitað hvernig þetta væri öðruvísi**. Hún hafi verið von þessu. Samband þeirra hafi verið gott og hún hafi getað talað við hann um alla hluti og sagt honum frá öllu sem gerðist í hennar lífi. **Hann hafi staðið með henni þegar mamma hennar hafi verið í brjálæðiskasti og hún litið á hann sem vin**. Það hafi aldrei hvarflað að henni að orða þetta við móður sína, enda þær aldrei átt skap saman. Hún telur hins vegar að móðurina hafi grunað hvað var í gangi og byggir það á því hvernig móðirin hafi talað við sig og hvernig hún talaði við ákærða um sig. Hafi hún haft á orði að þau væru alltaf saman og hvað væri eiginlega í gangi á milli þeirra.<sup>58</sup> [áherslubreytingar höf.]*

Brotin gegn stúlkunni voru mjög gróf og stóðu yfir í langan tíma. Þrátt fyrir það taldi hún að samband þeirra hefði verið gott og hún vissi í raun ekki hvernig þetta væri öðruvísi þar sem misnotkunin var eðlilegur hluti af tilveru hennar. Í H 148/2005 var fósturfaðir brotþola sakfelldur fyrir fjölmörg brot gegn fósturdóttur sinni sem náðu yfir langt tímabil. Fyrir dómi skýrði brotþoli svo frá að þegar frá væru taldar þær misgjörðir fósturföður síns sem hann hafi gerst sekur um gagnvart henni liti hún á hann sem góðan mann. Hann hefði á margan hátt

<sup>58</sup> H 24. mars 2004 (nr. 463/2003).

reynst henni vel, verið hjálplegur og gert allt fyrir hana sem hún hafi beðið hann um. Um ástæður þess að hún lagði ekki fram kæru fyrir en mörgum árum eftir að misnotkunin hófst sagði hún að móðir sín hefði átt erfitt uppdráttar og hún hefði ekki viljað eyðileggja samband móður sinnar og fósturföður. Brotapoli í máli H 4/2003 bar fyrir dómi að á því tímabili sem ákærði hefði misnotað hana hefði henni þótt ákaflega vænt um hann „á daginn, en ekki á kvöldin“.

#### 1.6. Brotapolar telja sig ábyrga fyrir sundrung fjölskyldunnar

Sem hluti af þeirri ábyrgð og sektarkennd sem barnungur brotapoli tekur á sig þegar brotið er gegn honum af fjölskyldumeðlimi eða öðrum sem það bindur trúnaðartraust við er óttinn við að sundra fjölskyldunni með því að greina frá atferli gerandans. Barnið telur sig eiga hlut að máli og vill ekki að fjölskyldan líði fyrir það sem það telur sig eiga sök á. Í H 124/1995 bar brotapoli að ástæða þess að hún kærði ekki fyrir hefði verið af tillitssemi við yngri hálf systur sínar, dætur gerandans. Í H 176/2003 var gerandi sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn þremur stúlkum. Eftirfarandi er úr vitnisburði eins þolandans fyrir dómi:

*Vitnið kvað aðspurð sér hafa liðið illa vegna þessa máls. Hún hefði mikið hugsað um hvort að einhver myndi hlusta á hana ef hún segði frá þessu. Hefði hún aldrei minnst á þetta við neinn í fjölskyldunni. Hún hefði alltaf talið sig eina hafa lent í þessu. Þá hefði hún ekki viljað verða þess valdandi að eyðileggja samband A og ákærða þar sem að hún vissi að systir sín elskaði ákærða mikið.<sup>59</sup>*

#### 1.7. Kært til að koma í veg fyrir fleiri brot

Í nokkrum dómum kom fram að ástæða þess að brotapoli hefði lagt fram kæru væri sú að brotapoli vildi koma í veg fyrir að gerandi bryti á fleirum. Sem dæmi má nefna H 359/2002 þar sem dóttir geranda lagði fram kæru á hendur föður sínum og kvað ástæðuna vera meinta kynferðislega áreitni föður hennar í garð yngri systur hennar.

*Hún kvað ástæðu þess að hún legði fram kæru nú vera þá að hún hefði í byrjun árs 2000 verið kölluð til yfirheyrslu um meinta kynferðislega áreitni föður hennar í garð yngri systur hennar. Hún kvað sér þykja svo vænt um systkini sín að hún vildi ekki að það sama henti þau og henti hana.<sup>60</sup>*

Í framhaldinu lagði mágkona ákærða fram kæru á hendur honum. Við skýrslutöku kom fram að mágur hennar hefði áreitt hana reglulega frá barnsaldri. Ástæðu kærunnar kvað

<sup>59</sup> H 20. nóvember 2003 (nr. 176/2003).

<sup>60</sup> H 30. janúar 2003 (nr. 359/2002).

hún vera þá „að hún vissi að ákærði hafi áreitt dóttur sína og að tilkynnt hafi verið að hann hafi hugsanlega einnig áreitt yngri systur hennar, Æ. Fleiri börn væru á heimilinu og kvað hún ákærða ekki hafa leyfi til að eyðileggja líf þeirra“.

#### 1.8. Hræðsla við að vera ekki trúað

Í H 414/2003 var upphaf máls með þeim hætti að barnaverndarnefnd fékk félagsráðgjafa til að ræða við brotþola sem brast í grát og sagðist vera hrædd um að enginn myndi hjálpa sér og vísaði til þess að hún hefði áður greint frá broti, en þá hefði ekkert verið aðhafst. Stúlkan lýsti því að maður sem kæmi oft heim til ömmu hennar væri alltaf að káfa á henni innan klæða og setja fingur upp í leggöng hennar. „Hún gæti ekkert gert, því að maðurinn væri góður við ömmu hennar og að hún vorkenndi honum þar sem hann hefði átt bágst í æsku.“<sup>61</sup>

Í H 258/2008 var maður sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn stjúpbarnabarni sínu og annarri stúlku. Annar brotþolanna greindi föður sínum frá misnotkuninni og kvað einu viðbrögð hans hafa verið: „Oj gerði hann það?“ Viku síðar urðu miklar hegðunarbreytingar hjá brotþola sem varð til þess að móðir hennar gekk á hana og spurði hvað væri að. Brotþoli brotnaði þá saman og kvað fjölskylduna hafa „sprungið í loft upp“ í kjölfar þess að hún greindi frá misnotkuninni. Að sögn brotþola hélt fjölskylda gerandans fund um málið og tók þá ákvörðun að halda því fram að málið væri allt uppspuni og brotþola og móður hennar hótað ef málinu yrði haldið til streitu. Brotþoli kvaðst hafa lagst í þunglyndi og fengið miklar geðsveiflur.

*Henni hafi fundist skilaboðin vera þau að líkami hennar væri fyrir gamla menn að nota. Síðar meir hafi hún leiðst út í vandi o.fl. Brotþoli kvaðst hafa ákveðið að kæra ákærða nú fyrir verknadinn þegar hún hafi frétt að önnur stúlka hafi tekið sig til og kært ákærða fyrir atvik sem nokkuð væri um liðið síðan hafi átt sér stað.<sup>62</sup>*

#### 1.9. Dómskerfið

Ástæður þess að brotþoli leggur ekki fram kæru strax getur verið fólgin í ákveðnum ótta við réttarkerfið og að meðferð mála fyrir dómstólum sé þung í vöfum. Mörgum brotþolum finnst einnig að verið sé að dæma þá seka ef gerandi er sýknaður af broti. Einnig eru dæmi þess að foreldrar vilji síður kæra málið til lögreglu þar sem þau telja að málið fyrir dómi muni hafa slæm áhrif á barnið og vilja vernda það gegn því að þurfa að útskýra og endurtaka málavexti

<sup>61</sup> H 26. febrúar 2004 (nr. 414/2003).

<sup>62</sup> H 5. febrúar 2009 (nr. 258/2008).

fyrir lögreglu og dómstólum.<sup>63</sup> Í H 329/2006 tilgreindi brotaþoli þá ástæðu að hún hafi ákveðið að leggja ekki fram kæru á hendur ákærða þar sem á svipuðum tíma hafi verið fellt niður annað sams konar mál á hendur honum sem kært hafi verið til lögreglu.

## 2. Fræðsla til forvarnar

Það þarf varla að hafa mörg orð um þær afleiðingar sem kynferðisofbeldi getur haft á ungar og óharðnaðar sálir. Nóg er að líta til lýsinganna í dómunum hér að framan til að sjá hversu alvarlegar þær geta orðið. Í mörgum dómunum er unnt að greina sambærileg einkenni hjá brotaþolum, svo sem skömm, sektarkennd, þunglyndi, kvíða, sjálfsskaðandi hegðun og kynferðislega hegðun. „Þetta eru allt einkenni sem umhverfinu yfirsést gjarnan en þegar mál eru upplýst og fólk horfir til baka sér það oft að barnið hefur sýnt alvarleg einkenni í þessa veru“.<sup>64</sup> Sjálfsskaðandi hegðun getur verið afleiðing þess að barn finni fyrir mikilli skömm og sektarkennd yfir misnotkuninni. Í niðurstöðum læknis í H 298/2006 kom fram að brotaþolanum hafi liðið mjög illa. „Hún hafi sagst hafa „sársauka í hjartanu“ og þegar henni hefði liðið mjög illa hafi hún meitt sig með því að krota á innanverðan framhandlegg vinstra megin til að gleyma „hinum sársaukanum“. Í samantekt læknisins kom fram að stúlkan hefði átt erfitt með að lýsa því sem komið hefði fyrir hana og meðal annars leit hún einu sinni á móður sína á meðan viðtalinu stóð og spurði: „Mamma, ertu að gráta? Mamma, það var tár á kinninni á þér“. Stúlkan, sem orðið hafði fyrir ítrekuðu kynferðislegu ofbeldi af hálfu sambýlismanns móður sinnar, sýndi þarna að hún hafði meiri áhyggjur af líðan móður sinnar en sinni eigin velferð.

### 2.1. Góð og slæm leyndarmál

Nauðsynlegt er að fræða börn um kynferðislegt ofbeldi á réttan máta. „Sem dæmi má nefna að börn séu upplýst um sín persónulegu mörk, líkama sinn, góð og slæm leyndarmál og að mikilvægt sé að tala við fullorðinn aðila sem þau treysta ef eitthvað kemur fyrir sem þau skilja ekki eða líður illa út af“.<sup>65</sup> Kenna þarf þeim muninn á „góðri snertingu“ og „slæmri snertingu“. Góð snerting er þá snerting sem lætur börnunum líða vel og að verið sé að sýna þeim umhyggju. Slæm snerting er snerting á stöðum þar sem þau eru ekki von að vera snert af fullorðnum. Í ljósi þess að börn sem beitt eru kynferðisofbeldi eru oft kúguð til að þegja yfir

<sup>63</sup> Björgvin Björgvinsson 9. apríl 2010.

<sup>64</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 15.

<sup>65</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 11.

verknaðinum með hótunum, frásögnum um að eitthvað skelfilegt komi fyrir, þabinn muni fara í fangelsi og svo framvegis er mikilvægt að fræða þau um muninn á góðum og slæmum leyndarmálum og brýna fyrir þeim að ræða málin við einhvern sem þau treysta.<sup>66</sup> Sum börn eru alin upp við slíkt ofbeldi frá blautu barnsbeini og þekkja í raun ekkert annað. Þá er mikilvægt að þau geti leitað til einhvers sem þau treysta. Í viðtali við Ólöfu Ástu Farestveit, forstöðukonu Barnahúss<sup>67</sup>, talaði hún um þau dæmigerðu einkenni sem börn sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi sýna. Hún tók fram að oft væru ekki sýnileg einkenni þar sem sum börn sýni innri líðan sína út á við, en önnur ekki.

*Hin börnin, sem maður hefur kannski meiri áhyggjur af, eru börnin sem draga sig í hlé og verða ósýnileg í samfélaginu. Þau geta verið þolendur en enginn tekur eftir því að þeim líður illa. Þau bara vinna vinnuna sína í skólanum og gera það sem þau eiga að gera, skila öllum verkefnum og eru eins konar þöglir áhorfendur í samfélaginu. Þú hefur þá ekkert í höndunum nema barnið sé að gera allt sem það á að gera. Þess vegna held ég að það skipti máli að fólk sé meðvitað um þetta allt saman, auk þess að börnin fái þekkingu sjálf um það hvað sé rétt og hvað sé rangt, hvað eigi að gera og að það sé algengt að þau séu beðin um þegja yfir broti og það séu ákveðnar hótanir sem oft séu notaðar. Sem dæmi að „fjölskyldan sundrist“ ef það segi frá.*

## 2.2. „Þetta er bara afi“

Í H 258/2008 var maður sakfelldur fyrir kynferðisbrot gegn H, stjúpbarnabarni sínu, og B, frænku eiginkonu sinnar. Eitt sinn kom hann að þeim er þær voru að leika sér að dúkkum á heimili hans. Káfaði hann þá á B og setti fingur inn í leggöng hennar. H, stjúpbarnabarnið, spratt þá upp og tók í hönd vinkonu sinnar og sagði að þær skyldu fara á klósettið. B spurði vinkonu sína af hverju afi hennar gerði slíkt og „hafi hún sagt að þetta væri „bara afi“ og að B skyldi bíta saman tönnunum en það væri það sem H gerði alltaf.“ Brotapoli bar einnig fyrir dómi að fjölskyldu hennar hafi verið hótað af fjölskyldu gerandans sem hefði tekið sig saman um að segja að ásakanir um kynferðisbrot gegn honum væru uppspuni. Stúlkan átti við mikla erfiðleika að stríða í kjölfar misnotkunarinnar og leiddist meðal annars út í vændi. Hún sagði að sér hefðu fundist skilaboðin um að þagga niður málið vera að líkami hennar væri fyrir gamla karla að nota. 13 ár liðu frá því að brotið var framið þar til hún lagði fram kæru.

Í H 220/2006 var faðir brotþola dæmdur í 5 ára fangelsi fyrir ítrekuð alvarleg kynferðisbrot gegn dóttur sinni. Í niðurstöðum skýrslu um réttarfræðilega skoðun á stúlkunni kom eftirfarandi fram:

<sup>66</sup> Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir 2006, bls. 13.

<sup>67</sup> Ólöf Ásta Farestveit 6. apríl 2010.

*Það var ekki létt fyrir stúlkuna að koma hingað og tjá sig um kynferðislega reynslu sína með föður sínum. Móðir hennar hefur sl. mánuði og ár verið að spyrja hana um hvort eitthvað kynferðislegt sé í gangi heima hjá föður hennar, en stúlkan hefur alltaf neitað, þar til fyrir tveimur mánuðum. Stúlkan er með ör sem eru eftir sjálfsmeiðingar á vinstra handabaki og þegar gerð var líkamsskoðun reyndi hún að fela brjóstin en þar eru í dag nýlegir sjálfsáverkar á sitthvoru brjósti. **Sjálfsáverkar af þessu tagi lýsa hennar ómeðvitudu innri líðan betur en hún sjálf hefur orðaförða til að gera. Hún er ekki fær um að tjá sig um líðan síðan, sem getur verið hluti af langvarandi óeðlilegu kynferðislegu sambandi við föður. Hún þekkir ekki annað.**<sup>68</sup> [áherslubreytingar höf.]*

### 3. Álit sérfræðinga

Í viðtali við Ólöfu Ástu Farestveit, forstöðumann Barnahúss, segir hún að mikilvægt sé að kenna börnum að finna einhvern sem þau trúa og treysta á ef þau þurfa að opna sig. Lagði hún áherslu á fræðslu til fagfólks sem vinnur með börnum, svo sem kennara og leikskólakennara, með það að markmiði að kenna þeim að þekkja helstu einkenni kynferðisofbeldis. Hún taldi einnig að aukin fræðsla til barnanna sjálfra væri ekki síður mikilvæg. Að hennar mati hefur þekkingin vaxið jafnt og þétt í kjölfar opnari umræðu í samfélaginu. Fleiri alvarleg mál eru farin að berast til Barnahúss í dag en áður og telur Ólöf Ásta það ekki orsakast af fjölgun kynferðisbrota á Íslandi heldur að sífellt fleiri brotáþolar þori að stíga fram í dagsljósið.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu<sup>69</sup>, tekur undir með Ólöfu Ástu og telur umræðuna vera mun opnari nú en áður fyrr. Hann undirstrikar mikilvægi þess að brotáþolar komi fyrr og kæri eða tilkynni til lögreglu, þar sem sönnunarstaða slíkra mála sé oft mjög veik, og veikist eftir því sem lengra líði frá broti. Hann sagði þó að sjúkrasaga viðkomandi aðila væri í flestum tilvikum skoðuð og þar mætti oft greina ýmis einkenni kynferðisbrots. Björgvin kvaðst taka á móti öllum kærnum, jafnvel þó brotin væru fyrnd. Það væri réttur fólks og í mörgum tilvikum nauðsynlegt fyrir fólk sem hefur glímt við afleiðingar þessara brota í mörg ár og finnst það að kæra til yfirvalda vera hluti af uppgjöri við fortíðina. Hann greindi einnig frá að margir vildu byrja með að láta bóka málin hjá lögreglunni, jafnvel í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að viðkomandi bryti gegn fleirum, þó að viðkomandi væri sjálfur ekki tilbúinn til að kæra.

<sup>68</sup> H 26. október 2009 (nr. 220/2006).

<sup>69</sup> Björgvin Björgvinsson 9. apríl 2010.

#### 4. Erlendar rannsóknir

Sifjaspell, kynferðisbrot gegn börnum og tafir á kærur virðast vera vandamál á fleiri stöðum en Íslandi þegar litið er til erlendra rannsókna. Rannsóknir í Kanada og Bandaríkjunum sýna að algengt sé að kærur vegna kynferðisbrota gegn börnum berist yfirvöldum seint. Í skýrslu nefndar sem fjallaði um kynferðisbrot gegn börnum kom fram að 76,2% kvenna og 88,9% karla sem misnotuð voru í æsku svöruðu neitandi þegar þau voru spurð að því hvort þau hefðu greint frá brotinu.<sup>70</sup> Rannsókn Lamb og Edgar-Smith áætlaði að um 64% þeirra barna sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi hafi ekki greint frá misnotkuninni í æsku.<sup>71</sup> Rannsókn frá árinu 1990 sýndi fram á að 33% þeirra kvenna og 42% karla sem greindu frá kynferðislegri misnotkun í æsku höfðu ekki greint frá misnotkuninni áður en þau tóku þátt í könnuninni.<sup>72</sup> Það eru jafnvel nýrri rannsóknir sem sýna fram á sambærilegar niðurstöður, svo sem rannsókn Arata þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að 69% barnunga brotþola höfðu ekki greint frá misnotkuninni áður en hann bað þau um að taka þátt í rannsókn sinni.<sup>73</sup> Sömuleiðis má nefna rannsókn frá árinu 2000 sem leiddi í ljós að 47% fullorðinna sem höfðu orðið fyrir kynferðisbroti í æsku höfðu ekki talað um misnotkunina í meira en fimm ár, á meðan 27% þátttakenda voru að greina frá brotinu í fyrsta skipti í rannsókninni.<sup>74</sup>

---

<sup>70</sup> Badgley Report 1984.

<sup>71</sup> Lamb og Edgar-Smith 1994.

<sup>72</sup> Finkelhor, Hotaling, Lewis og Smith 1990.

<sup>73</sup> Arata 1998.

<sup>74</sup> Smith og fleiri 2000.



## VII. Samantekt

Eins og fram kemur í inngangi þessarar ritgerðar er meginmarkmið rannsóknarinnar að kanna hvort lengri tími líði frá broti að kærufyrirgerð ef gerandinn tengist brotapolu blóðtengslum eða að barnið sé kjörbarn hans, stjúp barn, fósturbarn, sambúðarbarn eða tengt honum þannig fjölskylduböndum í beinan legg eða barn, sem honum hefur verið trúað fyrir til kennslu eða uppeldis. Rannsóknir hafa leitt í ljós að gerendur kynferðisbrota gegn börnum eru í langflestum tilfellum kunnugir barninu og hafa greiðan aðgang að því þegar þeir tengjast barninu innan fjölskyldunnar eða með öðrum trúnaðarböndum. Þögnin er eitt helsta vopn gerandans og þegar um er að ræða einstakling innan fjölskyldunnar, sem barnið treystir fyrir öryggi sínu og velferð, er hann í þeirri aðstöðu að geta nýtt sér ýmsar aðferðir við að tryggja þagmælsku barnsins. Út frá þessum staðreyndum var ákvörðun tekin um að rannsaka hvort brotapolar væru tregari til að kæra eða tilkynna kynferðisbrot þegar gerandinn tengdist þeim innan fjölskyldunnar eða með öðrum trúnaðarböndum.

Til þess að ná settu markmiði voru dómur Hæstaréttar um kynferðisbrot gegn börnum á árunum 1992 til mars 2010 skoðaðir og teknar út upplýsingar um hvenær fyrsta brot átti sér stað og hvenær kæra var lögð fram. Dómarnir voru flokkaðir eftir því hvort ákært var fyrir 200., 201. eða 202. gr. hgl., en í þeirri síðastnefndu er það ekki skilyrði sakfellingar að barnið sé tengt gerandanum, heldur duga aldursmörkin ein til. Einnig var kannaður sá tími sem leið frá því að barn greindi frá broti gegn sér þar til kæra var lögð fram í því augnamiði að kanna hvort brot væru oftast þöggud niður ef gerandinn væri innan fjölskyldunnar.

Svarið við rannsóknarspurningunni er skýrt. Lengri tími líður frá broti að kærufyrirgerð ef gerandinn tengist barninu með þeim hætti sem lýst er í 200. og 201. gr. hgl. Í sífjaspellsmálum liðu að meðaltali um 4 ár frá broti að kærufyrirgerð og í málum sem áttu undir 201. gr. liðu 5 og 1/2 ár<sup>75</sup>. Í málum þar sem gerandi tengdist brotapolu ekki fjölskyldu- eða trúnaðarböndum liðu að meðaltali tæp 2 ár frá því að brotið átti sér stað þar til kæra var lögð fram. Nokkuð minni mun mátti greina á seinni athuguninni, það er hvort langur tími líði frá því að barn tilkynnti um brot gegn sér þar til kæra var lögð fram. Meðaltíminn var frá tæpu ári í tæpt eitt og hálf ár. Lengsti tíminn leið í málum sem heyrðu undir 201. gr. hgl., en stysti í brotum gegn 202. gr.

Nokkuð kom á óvart hversu afgerandi þessi munur var í fyrria tilfellinu og einnig þær djúpstæðu afleiðingar sem brotið virtist hafa haft á líf margra brotapolu, jafnvel mörgum árum eftir að misnotkuninni lauk. Samhengi mátti greina milli alvarleika afleiðinga brotanna og ítrekunartíðni þeirra. Í þeim málum þar sem brotið var gegn barni og misnotkunin stóð yfir í

---

<sup>75</sup> Líkt og kemur fram í kafla V (4.1.) að þá má hugsanlega rekja þennan mun á meðaltíma 200. gr. og 201. gr. til þess að í tveimur málum sem heyrðu undir 201. gr. leið óvenju langur tími frá broti að kærufyrirgerð, eða 15 og 18 ár.

langan tíma mátti nánast undantekningarlaust greina áhrif þeirra og afleiðingar á líf brotapolans. Einkennin voru ýmist andleg eða líkamleg, nema hvoru tveggja væri. Áfengissýki, þunglyndi, kvíði, stam, sjálfsskaðandi hegðun og depurð eru dæmi um slík einkenni.

Í ritgerðinni er einnig leitast við að greina hugsanlegar ástæður tafar á kæru. Við dómarrannsóknina voru teknar út athugasemdir úr dómum þar sem brotapolí tilgreindi ástæðu fyrir því að hafa ekki tilkynnt eða kært brotið strax. Margir brotapolar nefndu sömu ástæðurnar fyrir töf. Algengt var að brotapolarnir kenndu sjálfum sér um og voru fullir skammar og sektarkenndar. Margir tóku einnig fram að þeir hefðu ekki greint frá brotinu fyrr vegna þess að þeir vildu ekki sundra fjölskyldunni. Einnig kom fram í dómum að brotapolí vildi ekki greina frá broti vegna hræðslu um að vera ekki trúað. Nokkrum brotapolum var hóttað líkamlegu ofbeldi ef þeir myndu greina frá brotum en í öðrum tilvikum sannfærði gerandinn barnið um að frásögn myndi hafa skelfilegar afleiðingar í för með sér, svo sem að mamma myndi veikjast eða pabbi færi í fangelsi.

Að fenginni niðurstöðu þessarar rannsóknar er mikilvægi forvarna og opinnar umræðu um brot af þessu tagi ótvírætt. Almennungur og sérfræðingar sem koma að málefnum barna ber tilkynningarskylda samkvæmt barnaverndarlögum ef grunur leikur á um að barni sæti vanrækslu, áreitni eða ofbeldi. Nauðsynlegt er því að auka fræðslu um einkenni og afleiðingar kynferðisofbeldis og hvernig taka beri á slíkum málum. Ábyrgð foreldra er einnig mikil og brýnt er að kenna börnum muninn á góðum og slæmum leyndarmálum og að þau séu upplýst um sín persónulegu mörk.

Dómsmálum vegna kynferðisbrota hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Um ástæður aukningarinnar er ekki vitað með vissu. Hugsanleg skýring er að brotum sé að fjölga en öllu líklegra þykir þó að aukninguna megi rekja til opnari samfélags- og fjölmiðlaumræðu sem hefur leitt til vitundarvakningar meðal almennings, auk þess sem úrræði fyrir brotapolá eru fleiri og sýnilegri. Á undanförunum árum hefur sá mikli skaði sem börn verða fyrir þegar þau eru misnotuð kynferðislega komið betur í ljós og refsímörk vegna grófustu kynferðisbrota gegn börnum hafa verið hækkuð auk þess sem fyrning alvarlegra kynferðisbrota gegn börnum hefur verið afnumin. Samtök eins og Stígamót og Blátt áfram hafa unnið ötullega að grasrótastarfi innan þessa málaflokks sem ávallt hefur verið feimnismál. Áhugavert væri að rannsaka frekar þær ástæður sem brotapolar tilgreina fyrir töfum á kæru og kanna hvort áhrif opnari umræðu um kynferðisbrot á síðustu árum hafi haft einhver áhrif á vilja ungra brotapolá til að kæra eða tilkynna um brot gegn sér, þó út í slíkar rannsóknir verði ekki farið hér.

## VIII. Heimildaskrá

Arata, C.M. (1998). To tell or not to tell: Current functioning of child sexual abuse survivors who disclosed their victimization. *Child Maltreatment*, 3, 63–71.

Árni Böðvarsson (Ritstj.). (1994). *Íslensk orðabók*. Reykjavík: Mál og menning.

Ársskýrsla Barnaverndarstofu 2006-2007. Sótt 10. maí 2010 af <http://www.bvs.is/files/file663.pdf>

Ársskýrsla Stígamóta 2007. Sótt 10. maí 2010 af [stigamot.is](http://stigamot.is)

Ársskýrsla Stígamóta 2008. Sótt 10. maí 2010 af [stigamot.is](http://stigamot.is)

Ársskýrsla Stígamóta 2009. Sótt 10. maí 2010 af [stigamot.is](http://stigamot.is)

Björgvin Björgvinsson (munnleg heimild, 9. apríl 2010).

Connolly, D.A. og Read, J.D. (2006). Delayed Prosecutions of Historic Child Sexual Abuse: Analyses of 2064 Canadian Criminal Complaints. *Law and Human Behaviour*, 30,6.

Dahlström-Lannes, M. (1992). *Mot dessa våra minsta, sexuella övergrepp mot barn*. Stokkhólmur: Forlagshuset Gothia.

Finkelhor, D., Hotaling, G., Lewis, I.A. og Smith, C. (1990). Sexual abuse in a national survey of adult men and women: Prevalence, characteristics, and risk factors. *Child Abuse & Neglect*, 14, 19–28.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 20, 20. mál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 15. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/133/s/0020.html>.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 59, 58. mál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 15. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/128/s/0918.html>.

Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, þskj. 918, 567. mál. *Vefútgáfa Alþingistíðinda*. Sótt 15. apríl 2010 af <http://www.althingi.is/altext/128/s/0918.html>.

Grubin, D. (1998). Sex offending against children: Understanding the risk. Í B. Webb (Ritstj.), *Police Research Series*. (Skýrsla nr. 99). London: Policing and Reducing Crime Unit.

Heimasíða Stígamóta. *Hverjir leita til okkar?* Sótt 13. maí 2010 af <http://www.stigamot.is/index.php/hverjir-leita-til-okkar>.

Jón Fannar Kolbeinsson. (2008). *Kynferðisbrot gegn börnum*. BA ritgerð: Háskólinn á Akureyri, Félagsvísinda- og lagadeild.

Jónína Guðmundsdóttir. (2009). *Gerendur kynferðisbrota gegn börnum – fangelsi eða meðferð?* ML ritgerð: Háskólinn í Reykjavík, Lagadeild.

- Karólína Finnbjörnsdóttir. (2008). *Sönnunarkröfur í sakamálum er varða kynferðisbrot gegn börnum*. BA ritgerð: Háskólinn í Reykjavík, Lagadeild.
- Lamb, S. og Edgar-Smith, S. (1994). Aspects of disclosure: Mediators of outcome of childhood sexual abuse. *Journal of Interpersonal Violence*, **9**, 307–326.
- Lewis, P. (2006). *Delayed Prosecution for Childhood Sexual Abuse*. London: Oxford University Press.
- Macdonald, D. og Robertson, J.R. (1984). *Sexual offences against children: the Badgley report*. Ottawa: Library of Parliament, Research Branch.
- Ólöf Ásta Farestveit (munnleg heimild, 6. apríl 2010).
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau – hvernig bregðast á við grun um vanrækslu eða ofbeldi gegn börnum og unglíngum*. Reykjavík: Mál og menning.
- Páll Þórhallsson. (2002, 26. maí). Löggjöf færð í nútímalegra horf. *Morgunblaðið*.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2006). *Kynferðisbrot*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Ragnheiður Bragadóttir. (2009). *Kynferðisbrot dómabók*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.
- Smith, D.W., Letourneau, E.J., Saunders, B.E., Kilpatrick, D.G., Resnick, H.S. og Best, C.L. (2000). Delay in disclosure of childhood rape: Results from a national survey. *Child Abuse & Neglect*.
- Svala Ísfield Ólafsdóttir. (2009). *Auðgínt er barn í bernsku sinni*. ML ritgerð: Háskóli Íslands, Félags- og mannvísindadeild.
- Svala Ólafsdóttir. (2007). „*Heggur sá er hlífa skyldi*“ - skýrsla um kynferðisbrot gegn börnum og ungmennum. Reykjavík: Umboðsmaður barna.

## IX. Dómaskrá

### Dómar Hæstaréttar

H 143/1992 frá 18. maí 1992  
H 293/1992 frá 5. nóvember 1992  
H 314/1992 frá 29. október 1992  
H 440/1992 frá 6. maí 1993  
H 251/1993 frá 4. nóvember 1993  
H 510/1993 frá 24. mars 1994  
H 121/1994 frá 2. júní 1994  
H 197/1994 frá 16. júní 1994  
H 254/1994 frá 6. október 1994  
H 255/1994 frá 6. október 1994  
H 124/1995 frá 8. júní 1995  
H 69/1995 frá 24. maí 1995  
H 72/1995 frá 24. maí 1995  
H 79/1995 frá 24. maí 1995  
H 130/1996 frá 13. júní 1996  
H 339/1996 frá 5. desember 1996  
H 417/1996 frá 6. febrúar 1997  
H 83/1996 frá 23. maí 1996  
H 328/1997 frá 4. desember 1997  
H 343/1997 frá 27. nóvember 1997  
H 438/1997 frá 12. febrúar 1998  
H 135/1998 frá 17. desember 1998  
H 333/1998 frá 11. febrúar 1999  
H 290/2000 frá 9. nóvember 2000  
H 307/2000 frá 15. febrúar 2001  
H 409/2000 frá 15. mars 2001  
H 11/2001 frá 21. febrúar 2002  
H 212/2001 frá 11. október 2001  
H 413/2001 frá 31. janúar 2002  
H 420/2001 frá 28. febrúar 2002  
H 454/2001 frá 14. mars 2002  
H 460/2001 frá 18. apríl 2002  
H 169/2002 frá 19. september 2002  
H 196/2002 frá 3. október 2002  
H 359/2002 frá 30. janúar 2003  
H 359/2002 frá 30. janúar 2003  
H 394/2002 frá 13. febrúar 2003  
H 40/2002 frá 24. apríl 2002  
H 410/2002 frá 20. febrúar 2003  
H 511/2002 frá 6. mars 2003  
H 83/2002 frá 16. maí 2002  
H 176/2003 frá 20. nóvember 2003  
H 4/2003 frá 8. maí 2003  
H 414/2003 frá 26. febrúar 2004  
H 44/2003 frá 5. júní 2003  
H 448/2003 frá 10. júní 2004  
H 448/2003 frá 10. júní 2004  
H 463/2003 frá 25. mars 2004  
H 464/2003 frá 26. febrúar 2004  
H 150/2004 frá 7. október 2004  
H 215/2004 frá 16. desember 2004  
H 354/2004 frá 10. febrúar 2005  
H 393/2004 frá 21. mars 2005  
H 393/2004 frá 21. mars 2005  
H 99/2004 frá 18. júní 2004  
H 148/2005 frá 20. október 2005  
H 27/2005 frá 26. maí 2005  
H 284/2005 frá 26. janúar 2006  
H 472/2005 frá 6. apríl 2006  
H 220/2006 frá 26. október 2006  
H 298/2006 frá 23. nóvember 2006  
H 298/2006 frá 23. nóvember 2006  
H 329/2006 frá 1. febrúar 2007  
H 541/2006 frá 15. febrúar 2007  
H 287/2007 frá 2. nóvember 2007  
H 341/2007 frá 13. desember 2007  
H 539/2007 frá 15. maí 2008  
H 658/2007 frá 23. apríl 2008  
H 173/2008 frá 29. maí 2008  
H 258/2008 frá 5. febrúar 2009  
H 527/2008 frá 22. janúar 2009  
H 569/2008 frá 19. febrúar 2009  
H 676/2008 frá 15. október 2009  
H 694/2008 frá 4. júní 2009  
H 83/2008 frá 19. júní 2008  
H 12/2009 frá 3. desember 2009  
H 176/2009 frá 12. nóvember 2009  
H 19/2009 frá 17. september 2009  
H 259/2009 frá 22. október 2009  
H 312/2009 frá 3. desember 2009  
H 358/2009 frá 26. nóvember 2009  
H 366/2009 frá 28. janúar 2010  
H 58/2009 frá 28. maí 2009  
H 672/2009 frá 4. mars 2010